LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistahreyfingarinnar marxistanna-lenínistanna 3 1972

VÍETNAM: BYLTINGARSINNAÐ FORDÆMI!

Í dag hefur landher bandarísku heimsvaldasinnanna beðið fullkominn ósigur. Þrátt fyrir ósigurinn á landi halda þessir fjöldamorðingjar áfram þjóðarmorði sínu í Víet Nam. Nú beita þeir þeirri aðferð að fljúga risastórum sprengjuflugvélum sínum, B-52, og varpa sprengjum á stíflugarða, sem byggðir eru til þess að hindra að sjór flæði yfir akrana. Á rigningartímum hækkar yfirborð sjávar og hætt er við, ef alþýðufólki Víet Nam tekst ekki að gera við þessar skemmdir, að sjórinn flæði yfir geysimikið frjósamt landssvæði og stofni um 15 milljónum íbúa í bráðan lífsháska, auk þess sem saltur sjórinn mun eyðileggja hinn gróðursæla jarðveg svo að það tæki tugi ára að byggja hann upp aftur. Nú skyldu margir halda, að þetta væri hámark eyðingarstríðs bandarísku heimsvaldasinnanna, en svo er ekki. Þeir þekkja engin takmörk í æðislegri baráttu sinni gegn sósíalismanum.



ALÞÝÐUSTRÍÐIÐ ER ÓSIGRAÐ!

Bandarísku heimsvaldastefnunni hefur ekki tekizt að vinna einn einasta sigur í landhernaðinum. Þeir hafa hvergi talið sig örugga í Suður-Víetnam. Víetnamska alþýðan hefur allan tímann, sem alþýðustríðið hefur geisað, fylgt sér undir áskorun Ho Chi Minhs : "Sameinist og berjist ákveðin þar til sigur er unninn!"
Alþýðustríðið hefur sýnt yfirburði sína yfir öllum þeim herjum og vopnum, sem bandarísku heimsvaldasinnarnir hafa tekið í notkun í Indókína. Verkamenn, bændur og menntamenn hafa fylgt sér saman í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni á sama hátt og þeir gerðu í baráttunni gegn Japönum og Frökkum. Aðeins fámenn klíka landráðamanna hefur verið á mála hjá Ameríkönum. Orsökin fyrir því, að 30 milljónir Víetnama hafa ekki aðeins getað haldið velli, heldur einnig frelsað sífellt stærri landssvæði undan oki stærsta herveldis heims, er sú, að alþýðustríðið er réttlát barátta.

frh. á bls. 9



Alþjóðahyggja í verki - byltingarsinnað námsstarf

Ástandið í heiminum í dag einkennist af því, að sósíalisminn vinnur sífellt nýja sigra og rotnunareinkenni heimsvaldastefnunnar koma sífellt skýrar í ljós. Það er öreigastéttin, sem hvarvetna leiðir baráttuna gegn auðvaldinu. Leiðtogahlutverk öreigastéttarinnar fyrir sósíalísku byltingunni í heimsvaldalöndunum sjálfum er tvímælalaust og þannig er því einnig varið í frelsisbaráttu kúguðu þjóðanna. Öreigar Víet Nam leiða Þjóðfrelsishreyfinguna í dag. Þeir mynduðu sinn kommúnistaflokk um sama leyti og Kommúnistaflokkur Íslands var stofnaður, og reistu hann á reynslunni af hinni hetjulegu og sigursælu baráttu rússneska kommúnistaflokksins. Þeim tókst að aðlaga hina alþjóðlegu reynslu öreiganna séraðstæðum stéttabaráttunnar í Víet Nam. Í dag leiða þeir baráttuna samkvæmt sósíalísku fræðikenningunni um alþýðustríðið, sem mótaðist í nýlýðræðislegu byltingunni í Kína, en það er nýr og óhjákvæmilegur áfangi kúgaðra þjóða til sósíalismans.

Þar sem alþýðan hefur ekki lotið forystu öreigastéttar, sem hefur haft vísindalega sósíalismann að leiðarljósi, hafa sigrar alþýðunnar aðeins verið stundarsigrar og auðvaldið unnið lönd á ný. Þannig hefur farið fyrir Alsír og Kúbu til dæmis. Nú síðast hefur Kúba gengið í ríkjasamsteypu sósíalheimsvaldastefnunnar, Comecon, og sannar það svo ekki verður um villzt, að það eru borgaralegu öflin, sem hafa komizt til valda fyrir tilstilli smáborgarastéttarinnar.

Á tímum heimsvaldastefnunnar er auðvaldið orðið alþjóðlegt. Þar með er sögulegt hlutverk öreigastéttarinnar að gera sósíalíska byltingu í öllum heiminum. En þar sem þróun auðvaldsins er misjöfn getur sósíalisminn ekki sigrað með skyndiáhlaupi um allan heim. Öreigabyltingin í Rússlandi 1917 var meðal annars möguleg vegna þess að þar mættust allar hörðustu mótsetningar alheimsauðvaldsins og kommúnistaflokknum tókst að hagnýta sér byltingarástandið til að leiða sósíalísku byltinguna til sigurs og hefja uppbyggingu sósíalisma í einu landi. En það að sigur öreiganna er aðeins mögulegur með því að öreigar hvers lands bylti "sínum eigin" borgurum þýðir ekki að barátta öreigastéttarinnar sé ekki alþjóðleg. Það er einmitt með því að berjast gegn borgurum í eigin landi,að öreigarnir berjast á raunsannan alþjóðahyggjuhátt. Um þetta sagði Lenín:
"Alþjóðahyggja í verki getur aðeins verið ein og engin önnur: nefnilega að starfa af fórnfýsi fyrir byltingarhreyfinguna og byltingarbaráttuna í eigin landi ásamt að styðja (með áróðri, samúðaryfirlýsingum og efnislega) sömu baráttu, sömu línu og aðeins hana í öllum löndum án undantekningar. Allt annað er fals og hreinir draumórar."

Það er alls ekki hægt að starfa á grundvelli alþjóðahyggju öreiganna nema á grundvelli marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs. Það er hinn eini grundvöllur hinnar byltingarsinnuðu stéttabaráttu öreiganna. Við munum ekki færast einu feti nær markinu fyrir tilstilli frómra óska og fagurra draumsýna um frið og mannkærleika. Allar slíkar hugmyndir þjóna borgarastéttinni og dylja sannleikann um lífsskilyrði auðvaldsins og sögulegt hlutverk öreiganna, að bylta auðvaldinu með vopnavaldi, svo að ekki verði eftir steinn yfir steini, og með því verður arðrán og kúgun upprætt fullkomlega. Þess vegna getum við ekki reist herör gegn bandarísku heimsvaldastefnunni öðruvísi en að segja sannleikann um íslenzka auðvaldið. Þess vegna getum við ekki verið alþjóðahyggjumenn nema við berjumst hatrammlega gegn hvers konar hentistefnu og undirlægjuhætti fyrir borgaralegu hugmyndafræðinni, sem er einkennandi fyrir hernámsandstæðinga og aðrar þess háttar fylkingar, sem berjast gegn og fyrir einu og öðru, allt eftir því hvernig vindur stéttabaráttunnar blæs andófsmönnunum þjóðkæru um eyru hverju sinni. Smáborgaralegur ruglandaháttur þeirra gerir þeim ómögulegt að henda reiður á hvað er að gerast í stéttabaráttunni og eru þeir þar af leiðandi dæmdir til að verða dragbítar á baráttu öreigastéttarinnar.

Hlutverk okkar kommúnista er að staðfesta vísindalega sósíalismann við íslenzkar aðstæður og munu þá smáborgaralegu andófshóparnir aðeins hafa tveggja kosta völ: að fylkja sér til stuðnings við borgarastéttina eða að hefja starf á grundvelli öreigastéttarinnar, með orðum Leníns: "...nefnilega að starfa af fórnfýsi fyrir byltingarhreyfinguna og byltingarbaráttuna í eigin landi ásamt"...o.s.frv., já, meira að segja "allt annað er fals og hreinir draumórar".
Þess vegna hefur KHML sett byltingarsinnað námsstarf sem höfuðverkefni hinna stéttvísu öreiga og það er fyrst, þegar vísindalega þekkingin um auðvaldsþjóðfélagið og sannleikurinn um leiðina til að bylta því er orðin vopn framvarða öreigastéttarinnar, að við getum farið að tala um alþjóðahyggju öreiganna kinnroðalaust.

Við skulum að lokum útskýra alþjóðahyggju öreiganna með orðum leiðtoga þjóðfrelsishreyfingarinnar í Gineau Bissau, Amilcar Cabral:
"Að lokum ein athugasemd um gagnkvæman stuðning alþjóðlegu verkalýðshreyfingarinnar og okkar þjóðlegu frelsisbaráttu. Við verðum að taka afstöðu: annaðhvort viðurkennum við, að baráttan gegn heimsvaldastefnuna snerti alla aðila eða þá að svo sé ekki. Ef svo er, sem allt bendir til að sé rétt, að það sé til heimsvaldastefna, sem hefur það takmark að hvorutveggja ríkja yfir hinni alþjóðlegu verkalýðsstétt og samtímis að kæfa þjóðlegu frelsishreyfingarnar í vanþróuðu löndunum, þá verðum við að líta á heimsvaldastefnu þessa sem sameiginlegan óvin, sem við verðum að berjast gegn á sameinaðan hátt. Það gefur engan árangur að nefna alþjóðahyggjuna á upptuggulegan hátt, þar sem alþjóðahyggja öreiganna fjallar um baráttu. Við berjumst með vopnavaldi í Guinea. Þið skulið einnig berjast - ég segi ekki að þið eigið að berjast með vopn í hönd, ég segi ekki á hvern hátt, vegna þess að það er ykkar mál að leysa. En þið verðið að finna réttu aðferðina og formið fyrir baráttunni gegn okkar sameiginlega óvini. Það er hin bezta sönnun um albjóðahyggju, sem þið getið gefið okkur."

LIFI ALÞJÓÐAHYGGJA ÖREIGANNA!

Stéttabaráttan



Kommúnistahreyfingin m-l

Stéttabaráttan 3. tbl. júlí´´72

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Kristján Guðlaugsson.

Leiðari:

KHML hefur skilgreint höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag sem hið byltingarsinnaða námsstarf. Þetta hefur verið tekið upp vélrænt af ýmsum smáborgarahópum, gripið á lofti án íhugunar eða skilnings og orðið að tízkuherópi smáborgaranna. Þannig hafa innan Fylkingarinnar þotið upp eins og gorkúlur, sjálfsprottnir og skipulagslausir námshópar, sem hafa hafið nám án þess að fylgja neinni áætlun eða vera sniðnir með það fyrir augum að geta orðið grundvöllur kommúnísks starfs. Í stað þess hafa Fylkingarmenn þóttst finna móralskar lífsreglur um hæverskni og kommúníska framkomu í ritum Maós og ásaka KHML um að sýna litla kurteisi og "væri þeim hollt að lesa það, sem Mao skrifar um framkomu sumra þeirra sem kalla sig kommúnista". (Neisti 5. tbl. ´72, bls. 4).
Þannig sýna þeir algjört getuleysi sitt til að skilja og tileinka sér hina byltingarsinnuðu fræðikenningu úr verkum Maós, en leggja þess í stað mikla rækt við að leita uppi "kommúnískar" lífsreglur og hógværð! Þessir sjálfsprottnu námshópar hafa jafnharðan lognast út af og "byltingarsinnað námsstarf" Fylkingarinnar hefur aldrei náð lengra en á pappírinn sem tízkuslagorð.
Í Osló hafa vinstri sinnaðir og frjálslyndir stúdentar gripið námsstarfið á lofti og í málgagni þeirra Rauðu Lúsinni (e.t.v. eitthvað skylt málgögnum Trotskyista, sem venjulega bera heitið Rauða Moldvarpan?) er sagt frá "marxísku" seminari, þar sem Einar Olgeirsson uppfræddi og leiðbeindi!! En í Stúdentablaðinu tekur þetta tízkuvígorð þó á sig hvað broslegustu mynd. Innan um frjálslynt japl um hass og skólamál gefur að líta mynd af Marx, Engels, Lenín, Stalín (hefur sennilega gleymzt að klippa hann burt að hætti Fylkingarinnar!) og Maó Tsetung. Undir er svo hvatning til að koma á fót "marxísku seminari" að hætti rauðu lúsanna og klykkt út með: "byltingarkenningin er grundvöllur hins byltingarsinnaða starfs." Hvorki Fylkingarforystan né stúdentahóparnir, sem prédika "marxísk seminör" hafa megnað að skilja hvað það þýðir, að námsstarfið er höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag. Við getum upplýst þá um að áskorun KHML um að hefja skipulagt byltingarsinnað námsstarf var ekki beint til forstokkaðra skrifborðssósíalista eða frjálslyndra athafnamanna. Henni var beint til meðvitaðasta hluta öreigastéttarinnar og þeirra stuðningsmanna hennar, sem eru reiðubúnir að fylkja sér undir rauða gunnfána öreigastéttarinnar!

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ – FRÆÐIKENNINGUNNI AFNEITAÐ!

Hin hliðin á fræðilegum reikandahætti íslenzkra "sósíalista" er Alþýðubandalagið og afneitun þess á fræðikenningunni í verki. Innan AB ríkir hreinn ökónómismi, baráttan fyrir krónu til eða frá í laun heltekur alla starfsemi AB og fræðilegt "gutl" er áskilið nokkrum "menntuðum" rugluspekingum! Þannig hefur forystuklíkan í AB svikið raunverulega hagsmuni verkalýðsins og þess í stað tekið að sér iðnvæðingarforystu fyrir þjóðlegu borgarana undir einkunarorðunum: Því geysilegri sem gróði innlenda auðvaldsins verður af arðráninu á verkalýðnum, þeim mun stærri verða molarnir, sem falla af borðum þess niður í aska verkalýðsins!! Lausn AB er þannig að viðhalda launaþrælkuninni og auka arðránið á verkalýðnum, svo íslenzk borgarastétt geti hrifsað til sín nægilega mikinn gildisauka til að halda verkalýðnum ofan við sultarmörkin, án þess að gróði hennar skerðist í neinum mæli! Þrátt fyrir umbótastefnuna í verki gerir forystuklíkan í AB sér ljóst, að henni er nauðsynlegt að höfða til og rangfæra marxismann-lenínismann til þess að slá ryki í augu hins meðvitaða hluta verkalýðsins. Þannig klæðist hún kápu kommúnismans, því hún veit að borgaraleg pólitík hennar getur því aðeins unnið fylgi verkamanna, að hún höfði til stéttarhagsmuna þeirra í orðum og yfirlýsingum.
Með því að rangfæra og falsa hina byltingarsinnuðu fræðikenningu marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs koma hugmyndasmiðir AB í veg fyrir, að verkalýðurinn geti tileinkað sér hana og útbreiða þannig borgaralega hugmyndafræði í stað hugmyndafræði öreiganna.
AB er þröskuldur á vegi byltingarbaráttu verkalýðsstéttarinnar, sem ekki verður yfirunninn fyrr en öreigarnir hafa smíðað sér það vopn, sem megnar að ryðja honum úr vegi – hinn kommúníska byltingarflokk!

ÁN BYLTINGARSINNAÐRAR FRÆÐIKENNINGAR – ENGIN BYLTINGARHREYFING!

Þegar við setjum námsstarfið í fyrirrúm sem höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag hlýtur sú spurning að vakna, hvað það hefur í för með sér fyrir þá, sem þegar hafa hafið eða lokið námsstarfi í grundvelli marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs, – þ.e. KHML. Það þýðir, að KHML verður að líta á allt starf sitt í ljósi þessa höfuðverkefnis, bæði áróðurs- og skipulagslega.
Lausnarorð Leníns: "Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar – engin byltingarhreyfing" þýða einfaldlega, að barátta öreigastéttarinnar til að skipuleggja sig í byltingarflokk hlýtur að hefjast sem barátta fyrir traustum grundvelli slíks flokks. Eins og smiðurinn leggur grunninn áður en hann reisir veggina og setur upp sperrurnar áður en hann leggur þakplöturnar, eins verður öreigastéttin að leggja traustan grundvöll áður en hún byggir flokkinn á honum! Hinn eini byltingarsinnaði grundvöllur, sem fyrirfinnst fyrir öreigastéttina er marxisminn-lenínisminn-hugsun Maós Tsetungs og sá grundvöllur hefur verið reyndur og treystur í byltingarsinnaðri baráttu öreiga og kúgaðra þjóða heimsins og sýnt og sannað, að hann er réttur.
Séð í ljósi þessa hlýtur nærtækasta verkefni stéttvísasta hluta íslenzkra öreiga og stéttfrænda þeirra að vera að leggja traustan grundvöll fyrir hinn kommúníska byltingarflokk, sem getur leitt þá til sigurs yfir borgarastéttinni í stéttabaráttunni. Að hefja grundvallarnám í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs, – að hefja baráttu fyrir stofnun byltingarsamtaka, sem geta leitt uppbyggingarstarfið fyrir stofnun kommúnistaflokks og gegnt hlutverki hans í vaxandi mæli þangað til, hlýtur því að hafa úrslitaþýðingu í dag – vera höfuðverkefnið. Að starfa fyrir hina sósíalísku byltingu í dag þýðir því að hefja byltingarsinnað námsstarf.

SIGRAR OG ÓSIGRAR KHML.

Þegar við lítum til baka og skoðum það starf, sem þeir er hafa lokið grundvallarnámi í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs hafa unnið, hljótum við að meta það í ljósi þess að námsstarfið er höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag.

Þeir sem lokið höfðu byltingarsinnuðu grundvallarnámi í febrúar s.l. sáu glöggt fram á nauðsyn þess að bindast samtökum og færa þekkingu sína út í byltingarsinnað starf, KHML varð til sem samtengjari þessara hópa. Brýnasta verkefnið hlaut að vera að hefja útgáfu málgagns, þar sem hinir stéttvísu öreigar og stuðningsmenn öreigastéttarinnar voru hvattir til að hefja byltingarsinnað grundvallarnámsstarf og tengjast böndum til að samræma starf sitt fyrir höfuðverkefnið.

Þannig hóf Stéttabaráttan göngu sína og í 1. tbl. birtust drög að skilgreiningu á íslenzka auðvaldsþjóðfélaginu, þar sem höfuðmóthverfan var skilgreind sem milli borgarastéttarinnar og öreigastéttarinnar. Á grundvelli þessara draga að skilgreiningu hefur svo KHML byggt alla pólitík sína og mætt hentistefnupólitík Alþýðubandalagsins og Fylkingarinnar, sem hafa aðhyllzt þá skilgreiningu, að í raun væri Ísland nýlenda eða hálfnýlenda USA og því bæri að draga saman sem stærstan fjölda þjóðarinnar til baráttu gegn heimsvaldastefnunni og innlendri klíkustjórn hennar.
Þannig hljóta starfsaðferðir Fylkingarinnar og AB að mótast af þjóðfrelsisbaráttu megin hluta þjóðarinnar gegn kúgun heimsvaldastefnunnar bandarísku og höfðuóvinurinn í þeirra augum er því USA-heimsvaldastefnan. KHML lítur hins vegar svo á, að íslenzka borgarastéttin sé höfuðóvinurinn og beri að haga baráttunni allri samkvæmt því, einnig baráttunni gegn angalöngum heimsvaldastefnunnar bandarísku, sem eru hér á landi. Þannig er mikilvægast að hefja baráttuna fyrir myndun byltingarsamtaka, sem geta leitt uppbyggingarstarfið fyrir kommúnískan byltingarflokk og gegnt hlutverki hans í vaxandi mæli þangað til. Fyrsta skref þeirrar baráttu er að hefja byltingarsinnað námsstarf á grundvelli marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs og er þannig höfuðverkefnið í dag. 2. tbl. Stéttabaráttunnar speglar hins vegar hversu almennur og óhlutstæður skilningur KHML var á hinni starfrænu hlið höfuðverkefnisins til að byrja með. Þannig var blaðið mælikvarði á fræðilega þekkingu KHML og dró fram í dagsljósið þá galla, sem voru á fræðilegri skólun okkar. En í stað þess að leggjast í jötu hins sjálfsprottna með Fylkingunni og láta blaðið veður og vind, snúa sér hugsunarlaust að útgáfu næsta eintaks, hóf KHML námsstarf við blaðið og með kommúnískri gagnrýni og sjálfsgagnrýni skilgreindum við mistök okkar og leiðréttum þau í samræmi við höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag. Þannig er þetta eintak framhald hinna fyrri og byggir á þeirri reynslu, mistökum jafnt sem jákvæðri reynslu, sem við öðluðumst í starfi og námi kringum þau. Þannig fylgjum við orðum Leníns í starfi: "Afstaða stjórnmálaflokks til mistaka sjálfs sín er öruggastur mælikvarði á alvöru hans. Hún sýnir greinilega, hvort hann rækir í raun og veru skyldur sínar við stétt sína og hinn vinnandi lýð.

Það er einkenni hvers þess flokks, sem er hreinskilinn, að játa gallana og glappaskotin, að uppgötva orsakirnar og ástæðurnar, sem valda þeim, og ræða af einurð meðulin til að bæta úr þeim. Það er að ala upp stéttina og lýðinn."

STOFNÞING KOMMÚNISTASAMTAKANNA M-L VERÐUR VOGARSTÖNG Í BARÁTTUNNI!

Í dag er gífurlega mikilvægt, að allir þeir, sem hafa hafið námsstarf bindist samtökum til að varðveita þegar unninn árangur og þroska pólitískt starf KHML bæði hvað snertir áróðurinn og skipulagninguna, gera það enn hæfara til að þjóna höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag. Þannig er nauðsynlegt að KHML leggi pólitískan grundvöll sinn og geri sér stefnuskrá, jafnframt því sem skipulagningin yrði beittari og fastari. Hinn pólitíski grundvöllur, marxisminn-lenínisminn-hugsun Maós Tsetungs, ásamt stefnuskránni, þ.e. afstöðu KHML til mikilvægra mála í stéttabaráttunni á Íslandi, svo sem landhelgismálsins, hersins, NATO o.fl., mun verða lagður til grundvallar stofnþingi Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna (KSML), sem haldið verður í byrjun ágúst og hvorutveggja gefið út í bæklingi eftir þingið. Þannig mun bæklingurinn verða okkur sterkt vopn í áróðrinum fyrir hinu byltingarsinnaða námsstarfi og fyrir hinni sósíalísku byltingu og alræði öreiganna.

Í dag þegar fyrstu námshóparnir, sem luku byltingarsinnuðu grundvallarnámi, eru í þann mund að tengjast sterkari og skipulagðari böndum með stofnun Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna (KSML), sem hafa það hlutverk að leiða uppbyggingarstarfið fyrir stofnun kommúnísks byltingarflokks, sem megnar að leiða íslenzka öreiga gegnum brotsjóa stéttabaráttunnar til sigurs í hinni sósíalísku byltingu, sendum við út hvatningu til allra stéttvísra öreiga og stéttfrænda þeirra, sem eru reiðubúnir að heyja baráttuna á grundvelli hinnar einu byltingarsinnuðu stéttar, öreigastéttarinnar:

STÍGIÐ SKREFIÐ TIL FULLS, LÁTIÐ YKKUR EKKI NÆGJA AÐ STYÐJA KHML MEÐ ÞVÍ AÐ KAUPA STÉTTABARÁTTUNA, HAFIÐ SAMBAND VIÐ ÞÁ, SEM SELJA STÉTTABARÁTTUNA EÐA SIGURÐ JÓN ÓLAFSSON, ÖLDUGÖTU 7 A, KJ. (SÍMI 20804) OG TAKIÐ ÞÁTT Í BYLTINGARSTARFI KHML MEÐ ÞVÍ AÐ HEFJA GRUNDVALLARNÁM Í MARXISMANUM-LENÍNISMANUM-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR!

STÉTT GEGN STÉTT!

KHML gerir sjálfsgagnrýni

"Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar – engin byltingarhreyfing."
V.I.Lenín

"Án skoðanabaráttu, án frelsis til gagnrýni geta engin vísindi þróast og blómstrað".
J.V.Stalín

ÁN MARKVISS NÁMS Í GRUNDVALLARATRIÐUM MARXISMANS-LENÍNISMANS ERU ÖREIGARNIR DÆMDIR TIL AÐ VERÐA UNDIRORPNIR BORGARALEGU HUGMYNDUNUM OG ÓSJÁLFBJARGA GAGNVART KÚGUN OG ARÐRÁNI BORGARASTÉTTARINNAR!

Strax og fyrstu kommúnistahóparnir mynduðust tóku línurnar að skýrast fyrir félögunum, sem höfðu sett sér að markmiði að brynja sig til baráttu fyrir merki rauða fánans. Námsstarfið gerði þátttakendum fljótlega kleift að sjá með skýrum augum hvert stjórnmálastefna Alþýðubandalagsins leiðir og að fráleitt er láta sig dreyma um að starfa innan þess að því markmiði að gera Alþýðubandalagið að sósíalískum flokki. Á sama hátt varð það einnig ljóst, að stefna Fylkingarinnar er fyrst og fremst orðagjamm – ærið hentistefnutónað. Þetta kom greinilega í ljós, þegar Fylkingin svaraði Bréfi til róttækra Íslendinga heima og erlendis, sem var opið bréf frá fyrstu kommúnistahópunum til allra byltingarsinnaðra Íslendinga. Hentistefna Fylkingarinnar tók á sig svo hlálega mynd, að hún hvatti til námsstarfs á þeim forsendum, að allir skyldu hefja nám samtímis, annars mundi allt verða til einskis, þar sem þeir, sem mundu láta það dragast að hefja námsstarf, myndu síðarmeir verða á eftir og hinir gætu ómögulega farið að eyða tímanum í að stagla yfir eftirlegukindum. Og það fór sem fór að námshópar Fylkingarinnar dóu út jafn kyrrlátlega og lífið kviknaði hjá þeim. En ekki er þar með öll sagan sögð. Leiðtogar Fylkingarinnar eru trúir hentistefnunni – eins og formvana einfrumungar fljóta þeir í allar áttir eftir sérhverju hugsanlegu æti. Samtímis því sem þeir ropa upp úr sér slagorðum Alþýðubandalagsins um landhelgina og hernámsandstöðu, án þess að hreyfa litla fingri til að afhjúpa hver er raunverulegur höfuðóvinur íslenzku öreigastéttarinnar, þá geta þeir ekki setið á sér að krydda Neista litla með kommúnískum hugtökum. Alræði öreiganna er skyndilega orðið eitt af algengustu hugtökunum í yfirlýsingum þeirra og hvatt er til þátttöku í hópstarfi, því námsstarf er greinilega í of mikið ráðizt, samanber fyrri reynslu þeirra.

En því var ekki þannig farið, að námshvatningar kommúnistahópanna féllu alls staðar í jafn tyrfinn jarðveg. Einstaklingar innan Sósíalistafélags Reykjavíkur tóku upp samband við námshópana og lýstu yfir einlægum stuðningi við námsstarfið og kváðust margir þeirra vera fúsir til að veita námsstarfinu allan stuðning og þátttöku og var tillagan einnig tekin til umræðu á almennum fundi hjá Sósíalistafélaginu og fékk mjög jákvæðar undirtektir. Var þar samþykkt að hefja samstarf á námsgrundvelli Kommúnistahreyfingarinnar m-l og voru fjórir námshópar myndaðir í því skyni.

Næsta stig samstarfsins um námið var síðan ákveðið, að yrði sameiginleg útgáfa á 1. maí blaði, sem skyldi helgað námsstarfinu sem höfuðverkefni stéttvísustu öreiga og stéttfrænda öreigastéttarinnar. Er þangað var komið fóru máttarstoðir Sósíalistafélagsins að svigna örlítið og er sjálft samstarfið hófst kom í ljós, að samstarfsnefndin frá SR hafði ekki í huga að starfa á þeim grundvelli, er samkomulag hafði orðið um. Kommúnískt yfirbragð þeirra var greinilega annað en innrætið og fram á sjónarsviðið skriðu hentistefnusærðir "sósíalistar", sem höfðu lengi getað falið kratanefin á bak við alvöruþrungið tal um marxíska-leníníska afstöðu o.s.frv.

Þessi átök við SR hafa bæði verið

Verkfall er „stríðsskóli"
-en ekki stríðið sjálft



Verkamenn í Álverksmiðjunni í Straumsvík í setuverkfalli Ástæðan: kúgun og yfirgangur yfirmanna.

TVÍÞÆTT HLUTVERK VERKALÝÐSBARÁTTUNNAR.

Það er hægt að beita verkalýðsbaráttu á tvennan hátt, í fyrsta lagi til launahækkkana og í öðru lagi til að sýna fram á stéttarlegt eðli auðvaldsþjóðfélagsins. Með verkfallsbaráttu til að ná fram launakröfum kemur fram hin lögbundna aðferð öreigans til að knýja fram næg laun sér til fæðis og skæðis, sem leiðir ekki til neinna eðlisbreytinga á þjóðfélaginu. Aðhyllist maður hagsmunabaráttu á einhliða hátt og tengir hana ekki við pólitíska markmiðið, sósíalísku byltinguna, hneigist maður óhjákvæmilega til þröngsýnnar ökónómískrar baráttu.

Í dag er á Íslandi eingöngu háð ökónómísk verkalýðsbarátta og er hún leidd af verkalýðsforystu, sem álítur kjarabætur takmark í sjálfu sér. Með þessum blekkingaraðferðum styður krataforusta verkalýðsfélaganna borgarana í verki og heldur laununum í algeru lágmarki með nauðungarsamningum fyrir verkalýðinn um leið og hún slævir stéttarvitund hans.

Rafvirkjaverkfallið, sem hófst "þjóðhátíðardaginn" 17. júní, þróaðist þó nokkuð lengra, reyndar ómeðvitað, er þeir gerðu tilraun til að uppræta arðræningja sína og taka í sínar hendur milliliðahlutverk meistaranna. Þetta leiðir þó ekki til þess að arðránið hverfi á rafvirkjum, heldur breytir arðránið aðeins um form, þegar rafvirkjar kasta af sér arðráni meistarakerfisins, en sjá ekki, að í staðinn taka þeir á sig arðrán í formi samvinnufélags. Strax er þessi hugmynd fór að taka á sig mynd krúnkuðu verkalýðsforustan og meistararnir sig saman og liðkuðust í allri samningarviðleitni.

Þessi hlið verkalýðsbaráttunnar, sem er að sýna fram á stéttarlegt eðli auðvaldsþjóðfélagsins, getur ekki borið árangur nema hún sé leidd að meðvitaðasta hluta verkalýðsins, sem hefur fræðikenninguna að vopni. Lenín hefur einmitt bent á tvíþætt eðli verkalýðsbaráttunnar: "Hér hljótum við að leggja áherzlu á, að verkfall, eins og við höfum áður sagt, er 'stríðsskóli', en ekki stríðið sjálft, að verkföll eru einungis eitt vopni í baráttunni, aðeins ein hlið verkalýðshreyfingarinnar.

Verkamennirnir geta og verða að komast af því stigi að takmarka starf sitt við einstök verkföll, og verða að snúa sér að baráttu allrar verkalýðsstéttarinnar fyrir frelsun alls vinnandi fólks,.." (Lenín: Um verkföll, bls. 18).

Til þess að meðvitaðasti hluti öreiganna geti gert fræðikenninguna að vopni sínu hefur KHML sett fram sem höfuðverkefni sitt: byltingarsinnað námsstarf í marxismanum-lenínismanum til þess að íslenzk verkalýðsstétt verði fær um að smíða það eina vopn, sem bítur - kommúnískan byltingarflokk.

STÉTTARLEGT EÐLI RÍKISVALDSINS.

Þegar verkamennirnir neita að vinna og framleiðslan stöðvast í allsherjar verkfalli minnir það kapítalistana á, að þeir eru ekki hinir eiginlegu herrar framleiðslunnar, heldur verkamennirnir, því án vinnuafls þeirra verður ekkert framleitt. Einnig minnir þetta hvern einstakan verkamann á, að hann stendur ekki einn, heldur er hann hlekkur í voldugri keðju þeirrar stéttar, sem framleiðir allar vörur, sem framleiddar eru í þjóðfélaginu og án hans koma engar vörur úr vélunum, sem eru dauðar án lifandi vinnuafls.

Ríkisvaldið er kúgunartæki borgarastéttarinnar í auðvaldsþjóðfélaginu. Allir þættir ríkisvaldsins, dómstólar, lög, kirkja og skólakerfi miðast að því að viðhalda borgarastéttinni. Kapítalistarnir nota ríkisvaldið sérstaklega til að auka sinn eigin gróða af launavinnunni. Vegna þess verður lagalegur réttur verkfalla stöðugt þrengri, eftir því sem auðvaldsþjóðfélagið þróast. Gott dæmi þar um er hinn mjög svo takmarkaði verkfallsréttur verkamanna við Álverið í Straumsvík. Borgarastéttin nær þessari lagalegu verkfallsskerðingu á tvennan hátt, annars vegar með því að múta verkalýðsforystunni og hins vegar með því að láta ríkisvald borgarastéttarinnar setja lög eða gerðardóma til takmörkunar verkfallsréttarins. Þegar samningar eru komnir í þrot og ekki hægt að þvinga fram samninga á samningafundum á borgarastéttin m.a. þetta ráð til að knýja fram samning: hún setur gerðardóm í kjaradeilunni. Þessi ráðstöfun hefur oft verið notuð og nú síðast í stýrimannaverkfallinu í vor. Með þessu þykjast starfsmenn ríkisstjórnarinnar og hlaupatíkur hennar þó vera að aðstoða verkamenn ekkert síður en kapítalistana.

VERKAMENN! SKIPULEGGIÐ YKKUR Í BARÁTTUNA FYRIR MYNDUN KOMMÚNISTAFLOKKS!

Til að verkamönnum geti tekizt að vinna sigur á endurskoðunarsinnunum í verkalýðsforystunni verða meðvituðustu öreigarnir að skipuleggja sig á byltingargrundvelli með marxismann-lenínismann að vopni.
Þess vegna hefur KHML sett fram sem höfuðverkefni námsstarf í kommúnismanum. Í opnu blaðsins er grundvallarnámshringurinn kynntur í fyrsta skipti á Íslandi sem hvatning til verkamanna um að hefja byltingarsinnað námsstarf, en það er grundvöllur þess að verkamönnum takizt að skipuleggja sig gegn vaxandi kúgun auðvaldsins og byggja upp sósíalismann, alræði öreiganna.





VERKAMENN!
Án þekkingar um stéttarlegt eðli og orsakir verkfalla verður barátta okkar aðeins barátta um krónu til eða frá. Krónu, sem verður hirt af okkur aftur með verðhækkunum eða öðrum meðulum hins kapítalíska ríkisvalds. Alþjóðleg baráttureynsla stéttarbræðra okkar í verkföllum við margbreytilegar aðstæður er vopnið, sem við verðum að beita gegn hertu arðráni og launaskerðingu auðvaldsins og til að geta gert verkfallsbaráttuna að byltingarsinnaðri baráttu fyrir sósíalismanum.
Lesið bæklinga KHML:
REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI
(Strasborgarályktunin frá þingi Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga 1929) og
UM VERKFÖLL eftir V.I.Lenín.

KHML mikilvæg reynsla og einnig afhjúpað fyrir stéttvísum félögum SR hvers konar snápar það eru, sem sitja í stjórnarstólum félagsins. Það mætti halda, að þeir hefðu lært sósíalismann sinn af amerískri how to be bók um hvernig hægt er að verða hobby sósíalisti, svo ógnar hræddir þeir virðast vera við að starfa á kommúnískan hátt og svo óskóp kært þeim er að láta sér nægja að ræða um hlutina (sjá Stéttabaráttuna nr. 2).

Víkjum nú aftur að Kommúnistahreyfingunni m-l.
Fyrstu hóparnir, sem luku grundvallarnámi, hófust nú handa í lok ársins ´71 við að gera endurbætur á námshringnum og undirbúa útgáfu fyrsta eintaks af málgagninu STÉTTABARÁTTAN, sem sá dagsins ljós snemma á árinu ´72. Það að hreyfingin hafði byrjað útgáfu málgagns hleypti nýju fjöri í námsstarfið og hreyfingin hóf að taka þátt í aðgerðum út á við mótmælagöngum o.fl.

Í fyrstunni höfðu námshópar KHML verið neyddir til að vinna námsstarfið án nokkurra beinna aðgerða í stéttabaráttunni, bæði vegna þess að grundvallarnámið sjálft er skilyrði þess að hægt sé að taka þátt í stéttabaráttunni á stéttvísan hátt og vegna þess að námshóparnir voru fyrstu marxísku-lenínísku námshóparnir á íslenzkri grund, a.m.k. síðan K.F.Í. leið. Þannig var það einnig stórt skref fram á við, er KHML hafði öðlazt bolmagn til að starfa út á við, taka virkan þátt í stéttabaráttunni. En hvert nýtt skref fram á við í stéttabaráttunni krefst starfrænnar þekkingar á hvert halda skal. KHML hafði mótað námsstarfinu braut með afstöðu sinni gagnvart öllum helztu dægurmálum stéttabaráttunnar, t.d. landhelgismálinu og hermálinu, út frá afstöðunni til hverjir eru höfuðandstæðingar íslenzku öreigastéttarinnar. Með athugunum, byggðum á námsstarfi kommúnistahópanna, varð það augljóst mál, að höfuðmóthverfa íslenzka stéttaþjóðfélagsins er á milli annars vegar öreigastéttarinnar og hins vegar borgarastéttarinnar, en ekki eins og Alþýðubandalagið, Fylkingin og meirihluti stjórnar Sósíalistafélagsins telja - milli allrar alþýðu annars vegar, meðtaldir borgarar að undanteknum verstu hýenum USA á Íslandi, og hins vegar bandarísku heimsvaldastefnunnar.

Þessi afstaða KHML til höfuðandstæðinganna í stéttabaráttunni var leiðarljósið fyrir framhaldsstarf námshópanna. En það er engan veginn nóg að opinbera sannleikann um höfuðmóthverfuna. Mikilvægasta spurningin, sem KHML varð að svara eftir að hægt var að sýna fram á hver höfuðmóthverfan er, varð: Hvernig ber að haga námsstarfinu samkvæmt höfuðmóthverfunni? Hvað snertir námsstarfið sjálft í hópunum fólst svarið beinlínis í sjálfu námsstarfinu, en við verðum einnig að sjá áróður KHML út á við út frá námsstarfinu, þar sem námsstarfið er höfuðverkefni hreyfingarinnar í dag og setja fram spurninguna - á hvað ber að leggja höfuðáherzlu í áróðrinum í dag?

Enn þá hefur KHML fyrst og fremst tekizt að svara spurningunni fræðilega. Þau starfrænu svör, sem gefin hafa verið, hafa ekki öll verið jafn vísvitandi í samræmi við þá almennu fræðilegu þekkingu, sem námshóparnir hafa byggt upp. Þett hefur meðal annars leitt til að nokkrar pólitískar villur hafa slæðst inn á síður Stéttabaráttunnar nr. 2, sem við teljum nauðsynlegt að leiðrétta. Það sem einkennir villurnar er tilhneiging til að ofmeta óvina vora innan vébanda öreigastéttarinnar. Þetta kemur fram m.a. í leiðaranum, þar sem segir: "Megin hindrunin í vegi fyrir stofnun slíks flokks (les kommúnistaflokks) er kverkatak endurbótasinnanna í Alþýðubandalaginu og verkalýðsforystunni, sem um margt eru tengdir."

Megin hindrunin fyrir flokksstofnun kommúnista er ekki fyrst og fremst kverkatak endurbótasinna heldur einfaldlega þekkingarskortur á grundvallaratriðum marxismans-lenínismans og að sjálfsögðu kunnáttuskortur og reynsluleysi í hvernig ber að starfa á byltingarsinnaðan hátt fyrir sögulegu hlutverki öreiganna, sósíalismanum.

Þetta ofmat á óvinum kemur einnig fram sem ofmat á vinum vorum í greininni "Hvítflibbarnir í Dagsbrún", sem annars var ein bezta hvatningsgrein til námsstarfs í Stéttabaráttunni nr. 2. Þar segir: "Verkamenn eiga skýlausan rétt á byltingarsinnaðri forystu og þannig forystu vilja þeir."

Það er einmitt það, sem verkamenn í dag hafa ekki, viljann til að fara leið byltingarinnar í stéttabaráttunni og það er hlutverk KHML að nema og reka áróður fyrir því að verkamenn skilji nauðsyn byltingarinnar og velji sér forystu samkvæmt því.

Bolsévíkarnir í Rússlandi voru í algjörum minnihluta allt fram á árið 1917, en byltingarsinnuð pólitík þeirra leiddi til að þeim tókst að vinna algjöran meirihluta öreiga og kotbænda fyrir byltinguna á tæpu hálfu ári.

Ofmatið á vinum vorum og óvinum byggðist á of lágu starfsmati á sjálfu námsstarfinu í áróðrinum fyrir byltingarsinnuðu námsstarfi. Þetta kom einnig fram í andvararleysi gagnvart skipulagningu námsstarfsins í Stéttabaráttunni nr. 2, upplýsingar um námsstarfið og bein tilmæli um að hefja nám út frá ákveðnu námsefni voru af skornum skammti og ekki í nógu lifandi sambandi við greinarnar í blaðinu.

Þessi reynsla hefur kennt okkur, að við verðum að hefja nýja sókn fyrir námsstarfinu og leggja sérstaklega áherzlu á, að verkamenn myndi námshópa á grundvelli námshrings KHML.

Verkamenn og öreigafrændur! Takið þátt í námsstarfi KHML! Sækjum djarflega fram á við í átt til sósíalísku byltingarinnar, lærum af alþjóðlegri reynslu kommúnista og gerum eigin reynslu að skóla fyrir byltingarsinnaða stéttabaráttu öreigastéttarinnar gegn borgarastéttinni.
Þið, sem hafið skilið nauðsyn þess að byggja frá grunni til að öreigarnir geti farið rétta leið í stéttabaráttunni, látið ykkur ekki nægja að styðja KHML með því að lesa Stéttabaráttuna og bæklinga hreyfingarinnar, hafið strax samband við Sigurð Jón Olafssön, Öldugötu 7a kj. (sími 20804) til að geta tekið virkan þátt í námsstarfinu. Þið, sem eruð skipulögð í Fylkingunni, setjið stefnu Fylkingarinnar undir mæliker og þið munið komast að raun um, að hvergi miðar fram á við. Ef þið þurfið frekari vitna við til að geta tekið einlæga afstöðu fyrir námslínu KHML getið þið reynt að hefja námsstarf innan Fylkingarinnar og ykkur mun mistakast, ef þið byggið ekki á marxismanum-lenínismanum. Samskonar hvatningarorð til námsstarfs sendir KHML einnig til verkamanna og öreigasinna í Alþýðubandalaginu og Sósíalistafélaginu.

Kommúnistahreyfingin marxistarnir-lenínistarnir.

Þegar þetta tbl. af Stéttabaráttunni kemur út hefur upplagið enn verið aukið um 1000 eintök. Jarðvegurinn fyrir hinn kommúníska áróður er mjög góður og mikill meirihluti kaupenda eru verkamenn. Algengt er, að sölumenn Stéttabaráttunnar hafi orðið fyrir þeirri reynslu, að verkamenn, sem þekkja til starfsins á dögum Kommúnistaflokks Íslands, hafi fagnað því að kommúnískur áróður sést nú aftur á götum Reykjavíkur og hvatt þá til dáða. Hið vaxandi starf KHML hefur gert það skilyrðislaust nauðsynlegt, að stofnuð verði kommúnísk samtök, sem hafa fastan pólitískan og skipulagslegan grundvöll. Þetta verður verkefni KSML (Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna) og samfara þessu þýðingarmikla skrefi hlýtur öll starfsemi að vaxa og verða markvissari. Það er þess vegna mikilvægt, að þú, sem ert stéttvís og hefur áhuga á að starfa fyrir hið sögulega byltingarhlutverk öreigastéttarinnar hafir samband við KHML. Það er mjög þýðingarmikið, að kommúnískur áróður hljóti sem víðasta útbreiðslu og eitt af mikilvægustu störfum þeirra, sem taka þátt í stuðningshópum KHML, er að selja Stéttabaráttuna og annan byltingaráróður, bæklinga o.fl. Takið þátt í stuðningsstarfi KHML með því að selja Stéttabaráttuna og breiða út kommúnískan áróður. VERKAMENN! KOMIÐ MEÐ Í STUÐNINGSHÓPANA! STEFNUM AÐ ÞRÓTTMIKLU KOMMÚNÍSKU STARFI ÞEGAR Í HAUST! LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAOS TSETUNGS!

Bjargræði „alþýðustjórnarinnar" - hert arðrán

Efnahagsráðstafanir "alþýðustjórnarinnar" til að "lægja verðbólguna" og "hækka kjör þeirra, sem verst eru staddir", eins og Þjóðviljinn dirfist að kalla það, eru í raun sömu ráðstafanir og allar aðrar borgaralegar ríkisstjórnir gripa til, til þess að vernda gróða auðvaldsins. Þessar ráðstafanir, sem gerðar eru til að koma í veg fyrir að kapítalistarnir þurfi að minnka gróða sinn eru aðallega tvenns konar. Annars vegar að hækka verðið á vörunum, sem þeir framleiða (verðbólga) eða hins vegar að lækka laun verkalýðsins. Í þetta skiptið er launalækkunin gerð með því að fara aftan að hlutunum. Í stað þess að fækka krónunum í launaumslaginu er laununum haldið niðri með niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum og hækkun fjölskyldubóta. Þannig hækka launin ekki til jafns við undangengnar verðhækkanir, kaupmátturinn minnkar, þ.e. launin hafa lækkað hlutfallslega miðað við vörurnar! Og ennfremur: Í stað þess að hinir einstöku kapítalistar verði að greiða hærri laun, er ríkiskassinn (sem verkalýðurinn borgar með sköttum sínum!) látinn halda laununum niðri með niðurgreiðslum og auknum fjölskyldubótum!

Jafnvel hin allra "vinstrisinnaðasta" ríkisstjórn innan ramma auðvaldsþjóðfélagsins getur aldrei nokkru sinni stemmt stigu við verðbólgunni nema á þann hátt að herða arðránið á verkalýðnum. Verðbólgan er lögmál í auðvaldsþjóðfélaginu og verður ekki afnumin innan ramma þess. Eina leiðin fyrir verkalýðinn til að losna undan stjórnleysi auðvaldsframleiðslunnar, sem hefur að fylginautum verðbólgu og hert arðrán, er að sprengja hlekki launaþrældómsins með sósíalískri byltingu og koma á fót alræði sínu! Í sósíalismanum lýtur framleiðslan stjórn framleiðendanna og þörfum alls þjóðfélagsins, en þjónar ekki blindri og vitskertri gróðafíkn auðvaldsins eins og í dag.

Borgaralegu hagfræðingarnir geta ekki skilið þau lögmál, sem eru að verki í hinum hagfræðilega grundvelli auðvaldsþjóðfélagsins. Pólitíska hagfræðin, sem rannsakar og skilgreinir lögmálin sem stýra auðvaldsframleiðslunni á hlutlægan hátt, kemst að niðurstöðum, sem eru andstæðar hagsmunum borgarastéttarinnar. Hún sýnir fram á hinar óleysanlegu mótverfur kapítalismans, sem stafa af mótsetningunni milli einkaeignarinnar og hins sívaxandi samfélagslega eðlis framleiðslunnar. Þannig geta borgaralegir hagfræðingar ekki notað pólitísku hagfræðina, ekki rannsakað efnahagsgrundvöllinn á hlutlægan, vísindalegan hátt, heldur rannsaka þeir hann á huglægan hátt með stéttarhagsmuni hinnar ráðandi stéttar í huga. Sumir hinna borgaralegu hagfræðinga reyna að beita hinni pólitísku hagfræði í einstaka viðfangsefnum, en árangurinn er alltaf að þeir sneiða hjá kjarna hlutanna, en grugga yfirborð þeirra þess í stað. Allar niðurstöður, sem þeir draga af rannsóknum sínum, eru í samræmi við hagsmuni arðránsstéttarinnar. Einn þeirra Haukur Helgason gerir misheppnaða tilraun til að skýra út orsakir verðhækkana í grein í Þjóðviljanum 11.6.'72. Aftur á móti tekst honum að lýsa aðferðum auðvaldsins til að lækka laun verkalýðsins með prýði:"...Fyrrverandi ríkisstjórnir, alveg sérstaklega viðreisnarstjórnin, hafa margsinnis ráðskast með kaupgreiðsluvísitöluna með það fyrir augum að lækka hana, m.ö.o. að lækka útborguð laun." (Undirstr. mín). H.H. heldur áfram og útlistar hvernig þetta hafi verið gert og segir m.a.: "Niðurgreiðslum á vísitöluvörum hefur í vaxandi mæli verið beitt til að lækka vísitöluna (les: lækka launin, ath.semd mín)" og "Fjölskyldubætur hafa verið hækkaðar." Þannig eru efnahagsráðstafanirnar ekki gerðar til þess að koma í veg fyrir verðbólguna, eins og fjármálaspekingar AB láta líta út fyrir. Þær eru ekki gerðar til þess að bæta kjör hinna verst stöddu - þvert á móti,þær eru gerðar til að koma í veg fyrir að gróði auðvaldsins minnki með því að lækka laun verkalýðsins! Við skulum líta nánar á þessa fullyrðingu.

AF HVERJU STAFA VERÐHÆKKANIR?

Í grein sinni 11.6.'72 tínir H.H. til 5 "orsakir" fyrir verðhækkunum, augljóslega til að segja eitthvað. Í stað þess að skilgreina eðli og orsakir verðhækkana á hlutlægan hátt eins og hann kveðst munu gera, lætur hann sér nægja að hræra í yfirborðinu og nefnir af handahófi þessar"orsakir": "Í fyrsta lagi eru þær afleiðingar af gerðum fyrrverandi ríkisstjórnar, frá kostnaðarhækkunum sem urðu á verðstöðvunartímabilinu.
Í öðru lagi hafði viðreisnarstjórnin þrengt svo mjög kjör alls verkalýðs og annarra launamanna á undanförnum árum, að nauðsynlegt var að bæta stórlega úr, enda þótt vitað væri, að kjarabætur til handa þessum aðilum myndu auka verðbólguna.
Í þriðja lagi stafa verðhækkanir að nokkru leyti af því að verðlag erlendis á þeim vörum, sem við flytjum til landsins, hefur hækkað.
Í fjórða lagi hafa orðið gengisbreytingar þannig, að gjaldeyrir helztu viðskiptalanda okkar í V.-Evrópu hefur hækkað, miðað við íslenzku krónuna.
Í fimmta lagi eru svo þær verðhækkanir, sem eru vegna sérstakra ráðstafana ríkisstjórnarinnar til tekjuöflunar fyrir ríkis- og vegasjóð."
Eftir þessa upptalningu, sem skýrir ekkert, en dregur þess í stað athyglina frá kjarna málsins og skellir skuldinni ýmist á viðreisnarstjórnina, verkalýðinn, erlent verðlag eða vegasjóð, er spurningunni enn ósvarað.
Orsaka verðhækkana er að leita í sjálfri framleiðslunni. Í auðvaldsþjóðfélaginu er um stöðuga samkeppni hinna ýmsu auðmanna að ræða. Til þess að verða ekki sleginn út verður hver auðmaður í sífellu að auka gróða sinn. En með framþróun kapítalismans fleygir tækninni og vélakostinum fram í sífellu. Þetta hefur í för með sér, að sérhver verkamaður getur með sömu vinnu og áður framleitt meira magn af vörum, aðeins fyrir tilkomu nýrrar og fullkomnnar vélar. En við það minnkar gildi vörunnar og gróðahlutfallið fellur. Því meiri vinnu sem þarf til að framleiða einhverja ákveðna vöru - því meira gildi hefur hún, m.ö.o. því dýrari verður hún. Þannig er það augljóst að vél, sem gerir verkamanni kleift að framleiða meira magn af vörum á sama tíma og áður og með sömu vinnu, aðeins af því ný og afkastameiri vél er komin til sögunnar, minnkar gildi vörunnar, þar sem minni vinna er nú lögð í hvert eintak af vörunni. Þetta kallast fallandi tilhneiging gróðahlutfallsins og er lögmál í kapítalismanum. Til þess að komast hjá því að gróðahlutfallið falli eru tvær meginleiðir: a) að hækka vöruverðið (verðbólga) b) að skerða laun verkalýðsins. Þannig eru efnahagsráðstafanir "alþýðustjórnarinnar" ekki gerðar til að forðast verðbólgu í hagsmunaskyni fyrir verkalýðinn, heldur til að koma í veg fyrir, að gróðahlutfall auðvaldsins lækki!

VERÐBÓLGAN Á ÍSLANDI.

Vegna hinnar öru uppbyggingar, sem orðið hefur á Íslandi, frá því eftir síðara uppskiptastríð heimsvaldasinnanna 1945, hefur vélakostur og tækninýjungar valdið sterkri fallandi tilhneigingu gróðahlutfallsins. Til að koma í veg fyrir, að gróði auðvaldsins minnki hefur verið gripið til þeirra ráðstafana til skiptis að hækka verð á vörum og lækka laun verkalýðsins. Fyrst og fremst hefur þó verðhækkanapólitíkin verið notuð, eftir stríð hefur svo að segja óslitin verðbólga ríkt á Íslandi. Vitanlega skerðir hún hag verkalýðs á þann hátt, að kaupmáttur launa minnkar, þar sem launahækkanir verða aldrei eins örar og verðhækkanir á vörum. Hitt hefur þó einnig verið notað, að minnka laun verkamanna, fyrst og fremst með því að greiða niður landbúnaðarvörur (eða vísitöluvörur eins og það er kallað) og með því að hækka fjölskyldubætur. Efnahagsráðstafanirnar á dögunum eru gott dæmi um það. Þetta hefur tvöfaldan ávinning í för með sér fyrir auðvaldið, annars vegar að launin eru bundin niður og fá ekki að hækka sem nemur þeim verðhækkunum, sem orðið hafa undanfarið (launalækkun) og hins vegar að hinir einstöku auðmenn þurfa ekki að eyða stærri hluta af arðránsfeng sínum í laun, heldur er ríkisvaldið látið borga niður matvörur og auka fjölskyldubætur, m.ö.o. skattar verkamanna eru notaðir til að halda niðri þeirra eigin launum!! En þegar til lengdar lætur hefur þetta miskunnarlausa arðrán og blinda eftirsókn eftir hámarksgildisauka í för með sér að markaðurinn offyllist. Það er deginum ljósara, að



Í voldugasta auðvaldsríki heims, Bandaríkjunum, olli heimskreppan atvinnuleysi milljóna verkamanna og hungursneyð. Hér sjást verkamenn í New York bíða eftir súpuskál og brauðbita.

framleiðsla, sem er aukin í sífellu, meðan laun neytendanna eru skert í sífellu hlýtur á endanum að verða of mikil, markaðurinn vex nefnilega ekki eins hratt og framleiðsluaukningin. Þannig er verðbólgan og launalækkunarherferðin undanfari offramleiðslukreppunnar. Kreppan og verðbólgan eru bara tvær hliðar á sama fyrirbæri. Framleiðsla auðvaldsþjóðfélagsins er komin í óleysanlega mótsögn við sjálfa sig vegna þess stjórnleysis, sem ríkir í henni og stafar af stöðugri baráttu vel skipulagðra einkafyrirtækja um sama markað. Það sem stjórnar auðvaldsframleiðslunni er innbyrðis barátta auðmannanna, sem gerir fíkn þeirra eftir sífellt meiri gróða taumlausa án skeytingar um mannslíf, verðmæti eða umhverfi.

Í SÓSÍALÍSKU ÞJÓÐFÉLAGI FYRIRFINNAST EKKI KREPPUR EÐA VERÐBÓLGUR!

Í hinu sósíalíska þjóðfélagi getur hvorki verið um verðbólgu eða offramleiðslukreppu að ræða. Verðbólgan sem er ráðstöfun auðvaldsins til að varna því að gróði þess minnki, hverfur um leið og auðvaldið og arðrán þess er afnumið. Þegar ekki er lengur um að ræða einstaklingseign á framleiðslutækjunum heldur samfélagslega eign er grundvellinum kippt undan verðbólgunni. Þannig hefur ekki orðið verðhækkun í Alþýðulýðveldinu Kína allt frá því 1949, þegar hin sósíalíska bylting var gerð og alræði öreiganna reist. Hins vegar hafa orðið verulegar launahækkanir.

Kreppur eru einnig óþekkt og ómögulegt fyrirbæri í sósíalismanum. Kreppan, sem stafar af offramleiðslu á rót sína að rekja til skipulagsleysis framleiðslunnar og er ómöguleg í sósíalísku þjóðfélagi, þar sem framleiðslan lýtur heildarskipulagi. Þar er framleiðslan miðuð við fjölda framleiðendanna og þurftir þeirra.

Í heimskreppunni í byrjun fjórða áratugsins bjuggu öll voldugustu auðvaldslöndin við atvinnuleysi margra milljóna verkamanna, framleiðslan var í lamasessi og matvörur, aðrar vörur og framleiðslutæki voru eyðilagðar í milljónatali.

Meðan þessu fór fram óx ríki verkalýðsins og dafnaði í Sovétríkjunum undir forystu Stalíns. Þá skók kreppan máttarstoðir hins kapítalíska heims, en rauði fáninn reis hátt í ríki verkalýðsins og sýndi og sannaði, að í alræði öreiganna fyrirfinnst hvorki offramleiðslukreppa, atvinnuleysi né hungursneyð.

Yfirburðir sameignarinnar birtust skýrt við hlið hins úrelta og útlifaða séreignarskipulags auðvaldsins og vísuðu öreigum heimsins leiðina, sem þeir verða að fara til að frelsa sig undan oki arðráns og launaþrældóms. Einu ráðstafanirnar, sem geta tryggt öreigum Íslands afnám atvinnuleysis og verðbólgu í eitt skipti fyrir öll er sósíalíska byltingin og stofnun alræðis þeirra. Takið þátt í að afnema arðránið og kúgunina í hverri mynd, sem hún birtist! Eina vopn okkar er skipulagning í kommúnískan byltingarflokk, sem getur leitt okkur til sigurs yfir borgarastéttinni í stéttabaráttunni! Að berjast gegn arðráni og kúgun borgarastéttarinnar í dag merkir að hefja byltingarsinnað námsstarf í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs! Lærum af stéttabaráttunni og gerum þekkingu okkar að vopni til flokksmyndunar!



NOKKUR MIKILVÆG ATRIÐI TIL ATHUGUNAR ÚR RITGERÐ LENÍNS "UM SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTT ÞJÓÐA":

Borgarastéttin kemur að sjálfsögðu fram í upphafi hverrar þjóðlegrar hreyfingar sem hegemon (leiðtogi), lítur á það sem hagkvæmt atriði að styðja sérhverja þjóðlega viðleitni. En pólitík öreiganna í spurningunni um þjóðina (eins og hvað snertir aðrar spurningar) styður borgarastéttina aðeins í vissa átt, án þess að sá stuðningur blandist nokkru sinni saman við pólitík borgarastéttarinnar. Verkalýðsstéttin styður borgarastéttina einvörðungu í þágu þjóðlega friðarins (sem borgarastéttin getur aldrei framkvæmt fullkomlega og aðeins getur orðið raunveruleiki gegnum fullkomið lýðræði), fyrir jafnrétti og til að ná svo hagstæðum aðstæðum sem mögulegt er í stéttabaráttunni. Þess vegna setja öreigarnir fram stefnufasta pólitík gegn framkvæmdasemi borgaranna, er þeir ævinlega styðja borgarastéttina aðeins skilyrðisbundið. Sérhver borgarastétt leitast eftir í spurningunni um þjóðina annaðhvort sérréttindum fyrir sína eigin þjóð eða þá eingöngu kosti fyrir hana: einmitt þetta kallast "að vera framkvæmdasamur". Öreigastéttin er á móti öllum sérréttindum, móti sérhverri sérréttindaafstöðu. Að krefjast "framkvæmdasemi" af henni þýðir að ganga erinda borgarastéttarinnar, að falla fyrir hentistefnunni.

Launavinnumaðurinn verður við allar aðstæður arðránsfyrirbæri, og árangursrík barátta gegn arðráninu krefst þess að öreigarnir standi frjálsir gagnvart þjóðernisstefnunni, að öreigarnir séu svo að segja fullkomlega hlutlausir milli borgarastétta hinna ýmsu þjóða um forræðið. Hinn minnsti stuðningur af hálfu öreiganna, hvaða þjóð sem þeir tilheyra, við sérréttindi "sinnar eigin" borgarastéttar kemur óhjákvæmilega til með að framkalla vantraust öreiga annarra þjóða,veikja alþjóðlega stéttarsamstöðu verkamanna og sundra þeim til ánægju fyrir borgarastéttina.



Útfærsla landhelginnar – stéttarhagsmunir borgaranna

Árið 1944 öðlaðist íslenzka borgarastéttin fullt pólitískt sjálfstæði til að arðræna og kúga öreigastéttina. Þá lauk aldalöngum tíma Íslands sem nýlendu og höfuðmóthverfan breyttist og höfuðóvinur öreigastéttarinnar einnig – frá því að vera danska borgarastéttin yfir í að verða íslenzka borgarastéttin. Það er mikilvægt að gera sér fulla grein fyrir þessu, því þá sést vel, að hér er um að ræða aukningu á sérréttindum þjóðlegu borgaranna íslenzku í baráttu við borgarastéttir annarra þjóða, aðallega Bretlands og Vestur-Þýzkalands.

Lúðvík Jósepsson, einn helzti fulltrúi þjóðlegu borgarastéttarinnar í þessu máli, segir svo um tilganginn með útfærslunni í viðtali við Þjóðviljann 15. júlí: "Ég nefni tvær höfuð ástæður (fyrir stækkun landhelginnar, ath.s. okkar), sú fyrri er hin brýna nauðsyn á því að draga úr sókninni, að koma í veg fyrir ofveiði, eða með öðrum orðum, þar er um friðunarsjónarmið að ræða."

Þessi ástæða er engin höfuðástæða.

Friðun er ekki friðun að því leyti að þarna sé öll veiði bönnuð, heldur á að "stöðva sóknina" og "koma í veg fyrir ofveiði" til að borgararnir geti sjálfir gengið beint til veiða og aukið hluta sinn í aflanum í hlutfalli við borgarastéttir annarra þjóða.

Að vísu er öll veiði bönnuð á tveim stöðum einn til tvo mánuði árlega, en það kemur ekki til með að hafa nokkur áhrif á heildaraflann af miðunum. Nú sem stendur veiða útlendingar helming þess afla, sem fæst við landið. Með tilkomu nýju skuttogaranna hafa þjóðlegu borgararnir lýst því yfir, að þeir ætli að tvöfalda aflamagnið. Þetta þýðir í raunveruleikanum, að það aflamagn, sem útlendingarnir veiddu áður, veiða nú íslenzku togararnir. Þannig eru engar líkur á, að heildarmagn aflans minnki nokkuð. Þannig eru friðunarráðstafanir þjóðlegu borgaranna aðeins í orði, en ekki í verki. Þeir eru hér aðeins að auka sérréttindi sín á kostnað erlendra borgarastétta.

Lúðvík hittir hins vegar naglann á höfuðið, þegar hann gerir grein fyrir síðari ástæðunni, sem er hin raunverulega höfuð ástæða. Hann heldur áfram: "hin ástæðar er augljós þörf okkar Íslendinga á því að auka hlutdeild okkar í þeim afla, sem veiða má á miðunum við landið, þar er sem sagt um efnahagslegar ráðstafanir að ræða." Hér kemur þjóðlegi borgarinn opinskátt fram og varpar ljósi á raunverulegar efnahagslegar ástæður, sem liggja að baki útfærslunni. Þegar hann talar um "okkur" talar hann fyrst og fremst fyrir munn þjóðlegu borgaranna, því "óskipt" íslenzk þjóð með sameiginlega "lífshagsmuni" er ekki til. Íslenzka þjóðin er sem aðrar þjóðir, sem byggja auðvaldslöndin, skipt upp í tvær algjörlega andstæðar höfuðstéttir – verkalýðsstéttina og borgarastéttina. Það er borgarastéttin, sem í krafti eignar sinnar á framleiðslutækjunum, hefur fyrst og fremst hagsmuni af útfærslunni. Í ávarpi, sem Lúðvík J. hélt og birtist í Þjóðviljanum 15.júlí, segir: "Í öðru lagi er okkur nauðsynlegt að geta aukið eigin veiðar vegna stækkandi þjóðar til þess að við getum haldið til jafns við aðrar þjóðir með góð lífskjör." Þarna heldur fulltrúi þjóðlegu borgaranna því fram, að höfuðdrifkraftur borgarastéttarinnar sé stækkun þjóðarinnar og tilraunir til að skapa "góð lífskjör". Þetta vita stéttvísir verkamenn að er ekki sannleikanum samkvæmt. Fólksfjölgun eða sókn til bættra lífskjara er ekki höfuðdrifkraftur borgaranna, heldur sókn þeirra eftir hámarksgildisauka og það þýðir fyrir verkalýðsstéttina aukið arðrán. Útfærsla landhelginnar er því liður í að auka arðránið á verkalýðnum, auka hámarksgildisaukann.

Landhelgin : sögulegar staoreyndir

13. – 17. öld:

Á þessu tímabili fylgir íslenzka fiskveiðilandhelgin að jafnaði þróun fiskveiðilandhelgi annarra Norður-Evrópuríkja.

1631–1859:

Á þessu tímabili er íslenzka fiskveiðilandhelgin fjórar enskar mílur. Í upphafi tímabilsins var ensk míla jöfn 8 venjulegum mílum, en var stytt niður í 6 og seinast 4 venjulegar mílur. Þannig dróst fiskveiðilandhelgi Íslands saman, þ.e.a.s. var fyrst 32 mílur, síðan 24 mílur og að lokum 16 mílur.

1859–1901:

Á þessu tímabili var íslenzka fiskveiðilandhelgin enn 4 enskar mílur sem jafngilda 16 mílum, en danska landhelgisgæslan varði aðeins 4 mílur.

1901–1952:

Í byrjun tímabilsins sömdu Danir við Breta um 3ja mílna landhelgi og hélzt hún út tímabilið. Í þessum samningum notfærðu Bretar sér styrk brezka flotans.

1944:

Fullt sjálfstæði íslenzku borgarastéttarinnar opinberlega viðurkennt.

1948:

Alþingi Íslands samþykkir lög, sem fjalla um vísindalega varðveizlu fiskistofna á landgrunninu. Þar segir, að íslenzka sjávarútvegsráðuneytið geti sett reglur og lög um að vernda viss svæði fyrir innan takmörk landgrunnsins og verði þar allar fiskveiðar undir stjórn Íslands. Allar seinni útfærslur íslenzku borgarastéttarinnar hafa verið byggðar á þessum lögum.

1949:

Íslenzka ríkisstjórnin mótmælir samningi Dana og Breta um 3ja mílna lögsögu.

1950:

Íslenzk borgarastétt setur 4ra mílna verndunarsvæði fyrir norðan land.

3. okt. 1951:

Íslenzka borgarastéttin segir upp samningi Dana og Breta.

19. marz 1952:

Íslenzk borgarastétt setur reglugerð um 4ra mílna fiskveiðilögsögu Íslands frá grunnlínu.

5. maí 1952:

Reglugerðin frá 19. marz kemur til framkvæmdar. Bretar mótmæla og setja hafnbann á íslenzkan fisk í brezkum höfnum. Hafnbannið náði ekki tilgangi sínum þar sem íslenzku borgarastéttinni tókst að ná sér í nýja markaði.

1. sept. 1958:

Íslenzka borgarastéttin færir fiskveiðilögsöguna út í 12 mílur. Nokkur bandalagsríki hennar í NATO mótmæla þessu og Bretar senda herskipaflota sinn til verndar brezkum togurum innan 12 mílna landhelginnar.

1961:

Íslenzk borgarastétt semur við Breta og V.-Þjóðverja um að þeir megi veiða á vissum svæðum innan 12 mílna landhelginnar allt að 6 mílum í 3 ár.

1. sept. 1972:

Íslenzka borgarastéttin færir fiskveiðilögsöguna út í 50 mílur. Bretar og V.-Þjóðverjar mótmæla og hóta aðgerðum.



Þessir sjómenn fá ekki krónu meira í launaumslagið, þó að borgararnir færi landhelgina út í 50 mílur! Þeir munu aðeins skapa útgerðarauðvaldinu meiri gróða með launaþrældómi sínum á einokunarmiðum íslenzku borgarastéttarinnar!

Afstaða KHML til útfærslu landhelginnar

Það er augljóst, að útfærsla landhelginnar er fyrst og fremst útvíkkun borgaranna á einokunarsvæði sínu í baráttu við borgarastéttir annarra landa, aðallega Bretlands og Vestur-Þýzkalands. Öreigastéttin má aldrei styðja borgarastéttina í baráttu hennar við borgarastéttir annarra landa fyrir réttindum sér til handa.

Þess vegna tekur KHML ekki þátt í baráttu íslenzku borgarastéttarinnar fyrir útfærslu landhelginnar, en styður hins vegar réttinn til útfærslu, með þeim fyrirvara, að kunni útfærslan að skaða hagsmuni öreigastéttarinnar eða öreigastétta annarra landa, áskilur KHML sér réttinn að vinna gegn útfærslunni. Hins vegar verða öreigar annarra landa að styðja rétt íslenzku þjóðarinnar til útfærslu landhelginnar skilyrðislaust á grundvelli íslenzku öreigastéttarinnar.

Þar sem íslenzka öreigastéttin verður að bylta "sínum eigin" borgurum verður hún einnig að meta alla pólitík borgarastéttarinnar út frá sjónarhorni stéttabaráttunnar. Þar af leiðandi verður hún alltaf að taka skilyrðisbundna afstöðu til þjóðernisspurningar borgaranna.

Lenín fjallar um þetta í ritgerðinni "Skopmynd af marxismanum og ökónómíska heimsvaldastefnan":

"Við höfum nú þegar bent á eitt dæmi um þetta (í löglegu "pressunni" fyrir meir en tveim árum síðan!) – nefnilega í Noregi og enginn hefur reynt að hrekja það. A ð g e r ð norsku og sænsku verkamannanna í þessu dæmi, sem var tekið úr lífinu og hlutveruleikanum, var "einhyggja", einuð og í anda alþjóðahyggjunnar e i n g ö n g u vegna þess að, og í þeim mæli sem, sænsku verkamennirnir héldu fram frelsi Noregs til aðskilnaðar s k i l y r ð i s l a u s t, þar sem aftur á móti norsku verkamennirnir settu spurninguna um aðskilnaðinn fram s k i l y r ð i s b u n d i ð. Ef sænsku verkamennirnir hefðu ekki haldið s k i l y r ð i s l a u s t fast við frelsi Norðmanna til aðskilnaðar hefðu þeir verið þ j ó ð r e m b i n g s m e n n fylgjandi þjóðrembingsstefnu sænsku óðalseigendanna, sem með ofbeldi, með stríði, vildu "halda" Noregi. Ef norsku verkamennirnir hefðu e k k i sett fram spurninguna um aðskilnaðinn s k i l y r ð i s b u n d i ð, þ.e.a.s. þannig að meirihlutinn í sósíaldemókrataflokknum gæti greitt atkvæði gegn og rekið áróður gegn þessum aðskilnaði, þá hefðu norsku verkamennirnir brotið gegn skyldum alþjóðahyggjumannanna og fallið fyrir þröngsýnni, b o r g a r a l e g r i þjóðernisstefnu. Hvers vegna? Vegna þess, að það var borgarastéttin og ekki öreigastéttin, sem framkvæmdi aðskilnaðinn! Vegna þess að norska borgarastéttin (eins og allar aðrar) reynir æ t í ð að stuðla að klofningi milli verkamanna síns lands og verkamanna "annarra" landa. Vegna þess að allar lýðræðislegar kröfur (þar með einnig krafan um sjálfsákvörðunarrétt) eru í augum stéttvísra verkamanna ó æ ð r i gagnvart æðri hagsmunum sósíalismans. Ef t.d. aðskilnaður Noregs og Svíþjóðar hefði örugglega eða líklega þýtt stríð milli Þýzkalands og Englands, þá hefðu norsku verkamennirnir e i n g ö n g u v e g n a þ e s s orðið að vera á móti aðskilnaðinum. Og sænsku verkamennirnir hefðu haft rétt og möguleika til að reka áróður gegn aðskilnaðinum í slíku tilfelli, án þess að hætta að vera sósíalistar, a ð e i n s ef þeir hefðu kerfisbundið, rökrétt og samfellt barizt g e g n sænsku ríkisstjórninni fyrir f r e l s i til aðskilnaðar. Annars hefðu norsku verkamennirnir og norska alþýðan e k k i t r ú a ð o g e k k i g e t a ð t r ú a ð, að ráð sænsku verkamannanna væru heilshugar." (Sænsk útg., Clarte (m-l) 1972, bls. 35-36).

(úrklippur úr Neista)

•ENGAN UNDANSLÁTT•
LJÓST ER, AÐ ÞRÁTT FYRIR ÓTAL "KRÖFUR" OG HÁSTEMMD LOFORÐ HAGUR VERKALÝÐSINS STEFNIR RÍKISSTJÓRN OG BORGARASTÉTT AÐ SAMKOMULAGI OG AFSLÆTTI Í LANDHELGISMÁLINU, VEGNA ÞEIRRA HAGSMUNA, SEM ERU ÞÝÐINGARMESTIR INNAN BORGARASTÉTTARINNAR.

F B

LITLA FÓLKIÐ Í STÉTTASAMVINNUNNI.

"Engan undanslátt!" hrópa smáborgaralegu dindlarnir í forystu Fylkingarinnar. Afstaða þeirra til landhelgismálsins er greinilega ekki bundin við saklausan stuðning óvitanna við borgarastéttina í landhelgismálinu. Þeir hyggjast berjast með blóðugum hnúunum fyrir útfærslunni í 50 mílur (af hverju ekki 50.000 mílur?) og gerast þar með enn fræknari hlaupatíkur í þágu borgaranna en Alþýðubandalaginu hefur tekizt að verða og hefur AB samt ekkert til sparað til að geta verið borgurunum þjóðfélagsleg höfuðstoð og stytta.

Einar Olgeirsson & co. unnu þegar stéttasamstarf með borgurunum með þátttöku í nýsköpunarstjórninni frægu. En Fylkingin ætlar að vera snjallari og leggja lið sitt við "betri" hluta borgarastéttarinnar og gerast þar með leiðandi fyrir kapítalismann á Íslandi.

Það kemur því væntanlega engum á óvart, er Heimdallur og Fylkingin hefja samstarf um að koma reiðum á þjóðarbúið að minnsta kosti er greinilegt, að í landhelgismálinu ætti að geta farið vel á með þessum fyrrverandi óvinum.

Fylkingarmeðlimir, sem hafið þekkinguna á, að stéttabaráttan er höfuðdrifkraftur þjóðfélagsþróunarinnar, að leiðarljósi – yfirgefið hina sökkvandi skútu smáborgaranna áður en hún hverfur í hinar bláu öldur íhaldsins!



Takið þátt í byltingarsinnuðu námsstarfi KHML

KHML er þegar farin að plægja jarðveginn fyrir byltingarsinnað starf á Íslandi. Fremsta skilyrðið fyrir byltingarsinnuðu starfi er að öreigarnir njóti leiðsagnar marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs í starfi, samanber lausnarorð Leníns: "Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar getur engin byltingarsinnuð hreyfing átt sér stað".

Með grundvallarnámshring KHML eru mörkuð tímamót í íslenzkri stéttabaráttu. Það er fyrst nú með starfi KHML, að stéttvísustu öreigar landsins geta tekið höndum saman um að hasla byltingarsinnuðu fræðikenningunni völl við íslenzkar aðstæður með alhliða námi í öreigavísindunum. Fremsta vopn okkar í þessu skyni er námshringur KHML.

Til þess að öreigastéttin geti farið rétta leið í stéttabaráttunni verða stéttvísustu öreigarnir að tileinka sér sameinaða baráttureynslu öreigastéttarinnar allt frá Marx til Maós Tsetungs og tengja almennt gildi þessarar reynslu séraðstæðum íslenzka þjóðfélagsins. Stéttvísustu öreigarnir verða að þekkja ástandið í heiminum í dag og stéttabaráttuna í sínu eigin landi. Og síðast en ekki sízt verðum við að geta lært af eigin reynslu, gera okkur fulla grein fyrir eigin framkvæmdum og geta farið leið gagnrýni og sjálfsgagnrýni til að leiðrétta mistök og rangar baráttuaðferðir.

Með framangreinda þrjá höfuðþætti að burðarásum hefur KHML gert alhliða námshring í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs.

FRAM TIL BARÁTTU FYRIR BYLTINGARSINNUÐU NÁMSSTARFI ÖREIGASTÉTTARINNAR!

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!

OPIÐ BRÉF TIL ALLRA STÉTTVÍSRA ÍSLENDINGA

Öreigar og frændur öreigastéttarinnar!

Við lifum í auðvaldsþjóðfélagi og grundvöllur þess er arðrán borgarastéttarinnar á öreigastéttinni. Auðvaldið byggist á alræði borgaralega eignarréttarins á verksmiðjunum, vélunum og verkfærunum – framleiðslutækjunum. Öreigarnir eiga ekki nein framleiðslutæki og eru því neyddir til að framfleyta sér og sínum með því að selja vinnukraft sinn til auðvaldsins. Því er einnig þannig farið, að auðvaldið getur ekki verið án öreiganna, því það er aðeins vinnukrafturinn, sem skapar ný verðmæti og án hans eru vélarnar einskis virði.

Það er vinna öreiganna, sem skapar öll verðmæti þjóðfélagsins, en auðvaldið greiðir ekki meiri vinnulaun en sem duga til að verkafólkið geti unnið og alið upp börn sín til launavinnuþrældómsins. Einhverjir ykkar kunna að malda í móinn og segja: Við eigum þó bíl, sjónvarp og jafnvel íbúð og við höfum svarið á reiðum höndum: Í fyrsta lagi er það aðeins lítill hluti öreiganna, sem á þessa hluti, meðan flestir eru hlekkjaðir við launavinnuþrælkunina með stórum skuldaböggum. Og gætið að, það er einnig nauðsynlegt fyrir auðvaldið, að öreigarnir eigi bíla til að geta ekið til og frá vinnu og sjónvarpið er eitt bezta áróðurstæki auðvaldsins, þar sem borgarastéttin getur sent borgaralegu hugmyndafræðina inn á nær hvert einasta öreigaheimili í ýmsum myndum á sjónvarpsskerminum.

Gerið samanburð á skiptingu verðmæta þjóðfélagsins fyrr og nú og ykkur mun hrella við, er þið sjáið hve misskipting verðmætanna er margfalt meiri nú en áður og allur fjöldinn, þeir sem skapa verðmætin, fá hlutfallslega minna og minna í ask sinn á meðan fjármagnið hleðst upp í sífellt færri manna hendur.

Öreigar! Endalaus launavinna, þrælkun, arðrán og kúgun er framtíðin, sem bíður okkar, ef við ekki setjum réttlæti hinnar vinnandi stéttar – þeirrar, sem skapar öll verðmæti þjóðfélagsins, gegn órétti auðvaldsstéttarinnar, sem byggir tilveru sína á eignarréttinum á framleiðslutækjunum.

Í dag hefur auðvaldið komizt á sitt hæsta stig, sem er heimsvaldastefnan og það er hið rotnandi stig auðvaldsins. Það tímabil er einnig tímabil öreigabyltinganna og sósíalíska uppbyggingarstarfsins í þeim löndum, er öreigastéttin hefur reist alræði sitt.

1917 hóf fáninn rauði sigurgöngu sína með hinni hetjulegu rússnesku byltingu, síðan hafa hin framsýnu sósíalísku byltingarstríð geisað víða um lönd. Í dag eru Kína, Albanía, Norður-Kórea og Norður-Víet Nam fremsta vígi sósíalismans og kúguðu þjóðirnar berjast fyrir frelsi sínu í byltingarsinnuðu alþýðustríðunum gegn heimsvaldastefnunni. Nær alls staðar í hinum undirokaða heimi hefur hin þjáða alþýða tekið sér vopn í hönd gegn ógnarvaldi heimsvaldasinna. Rotnunareinkenni heimsvaldastefnunnar koma hvað gleggst í ljós í þeim stríðum, þar sem alþýða hinna undirokuðu landa berst undir leiðsögn kommúnistaflokka á grundvelli marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs. Allra ljósast sjáum við ósigranleika hinnar sósíalísku baráttu í Víet Nam, þar sem eldskaut frelsisstríðanna er heitast.

Síðustu mánuði hafa frelsisherirnir látið stein fylgja sleggju og rekið hrikalegustu vígaskepnu veraldarsögunnar á hraðan flótta, þrátt fyrir að steypiregn af eldbombum og tætisprengjum hellist yfir hin frelsuðu héruð í sífellu. Bandaríkin í Norður-Ameríku hafa borið fullkominn ósigur í stríðinu og bregða nú fyrir sig ógnarlegri múgmorðsaðferðum en nazistarnir gátu látið sig dreyma um – allt í nafni kærleikans til mannanna segir viðbjóðslega heimsvaldarottan Nixon.

Íslenzkir öreigar og öreigafrændur! Sitjum ekki auðum höndum! Sýnum alþjóðahyggju okkar í verki með því að brynja okkur til baráttu með marxismann-lenínismann-hugsun Maós Tsetungs að vopni! Með baráttu okkar hér – stétt gegn stétt styðjum við alþýðu Víet Nam!

Júlí 1972
Kommúnistahreyfingin marxistarnir-lenínistarnir.

Námshringur Kommúnistahreyfingarinnar m-l

Kommúnistaávarpið

Kommúnistaávarpið gefur mjög góða mynd af öllum helztu grundvallaratriðum marxismans. Það er skrifað af Marx og Engels árið 1848 samkvæmt tilmælum frá Alþjóðlegu Kommúnistasamtökunum (Bund der Kommunisten) og eru öll höfuðatriði ávarpsins enn þann dag í dag í fullu gildi. Í Kommúnistaávarpinu sýna Marx og Engels fram á, að það er stéttabaráttan, sem er höfuðdrifkraftur þjóðfélagsþróunarinnar og að sögulegt hlutverk öreigastéttarinnar er að taka völdin í þjóðfélaginu með byltingu og byggja upp sósíalismann sem skref í átt til stéttlauss þjóðfélags kommúnismans. "Borgarastéttin hefur ekki aðeins smíðað vopnin, sem verða henni að bana, hún hefur einnig skapað herinn, sem á að fara með þau – verkamenn vorra tíma, öreigana."



Díalektíska og sögulega efnishyggjan

Díalektíska efnishyggjan er eina vísindalega heimsskoðunin, sem nokkru sinni hefur fyrirfundizt. Rök hennar eru vísindalega grundvölluð og samrýmast vísindalegum staðreyndum.

Díalektíska efnishyggjan kom fram um miðja 19. öld sem ávöxtur byltingarinnar í náttúruvísindunum og stéttabaráttunnar. Það voru þeir Marx og Engels, sem formuðu hina heilsteyptu heimspeki efnishyggjunnar út frá landafundum borgaralegu vísindanna. Með því að hagnýta díalektísku efnishyggjuna við rannsóknir á þróun sögunnar lögðu þeir einnig grundvöllinn að díalektísku og sögulegu efnishyggjunni, sem er hið ósigrandi frelsisvopn öreigastéttarinnar undan arðráni og kúgun fyrir sósíalisma og framtíðarþjóðfélagið – kommúnismann.

Marx sýndi fram á, að til þess að öreigastéttin geti valið byltingarsinnaðri baráttu rétta leið, þá verðum við að taka tillit til: HLUTLÆGS ÞRÓUNARÁSTANDS ÞJÓÐFÉLAGSINS OG ALLRA ÁHRIFA STÉTTANNA HVER Á AÐRA. ÞETTA Á EINNIG VIÐ UM VÍXLÁHRIF ÞJÓÐFÉLAGSINS OG ANNARRA ÞJÓÐFÉLAGA, SAMTÍMIS ÞVÍ SEM VIÐ VERÐUM AÐ RANNSAKA ÁSTANDIÐ HVERJU SINNI BÆÐI ÚT FRÁ SJÓNARHORNI LIÐINS TÍMA OG ÞESS SEM VERÐA MUN.



Um starfið

Starfið er grundvöllur allrar mannlegrar þekkingar, það er að segja starfið við framleiðsluna, baráttan milli stéttanna og vísindalegu rannsóknirnar.

Fyrir okkur kommúnista er fræðikenningin einvörðungu leiðarvísir í starfi, en ekki fræðilegur spekingsleikur eins og smáborgaralegu sósíalistarnir iðka.


Maó Tsetung líkti marxismanum-lenínismanum einu sinni við pílu og sagði, að til væru þeir, sem skytu pílunni út í loftið og aðrir, sem létu sér nægja að gæla við píluna og segja "hvílík dásemdar píla!". Og hann benti á, að þessir menn hafa ekki einu sinni nasarþefsskilning á byltingunni. Við kommúnistar munum hins vegar ekki láta nokkurn hlut hindra okkur í að skjóta pílunni markvisst í átt að sósíalísku byltingunni.

En til þess að geta skotið pílunni í rétta átt er engan veginn nóg að þekkja almenna drætti kapítalismans, við verðum að þekkja hann í okkar eigin landi og starfa samkvæmt séreinkennum hans til að geta kollsteypt honum. Lenín hefur lýst þessu með orðunum: "Hlutlæg rannsókn á hlutlægum aðstæðum er líf og sál marxismans".



Pólitíska hagfræðin 1.

Pólitíska hagfræðin er vísindin um þróun þjóðfélagslegu framleiðsluafstæðnanna, þ.e. afstöðu mannanna hvers til annars í framleiðslunni. Pólitíska hagfræðin opinberar þau lögmál, sem stjórna framleiðslunni, og skiptingu afurðanna í þjóðfélaginu á hinum ýmsu stigum þróunarinnar. Vegna þess að pólitíska hagfræðin opinberar sannleikann um framleiðslugrundvöll þjóðfélagsins er hún í þágu öreigastéttarinnar, sem hefur allt að vinna og engu að tapa í sósíalísku byltingunni. Hún gefur öreigastéttinni þekkinguna, sem er nauðsynleg til að stéttin geti gengið djarflega til síns sögulega verks: að brjóta auðvaldið á bak aftur undir leiðsögn kommúnistaflokksins og reisa alræði öreigastéttarinnar.



Pólitíska hagfræðin 2.

Það er ekki hægt að hagnýta nema lítinn hluta af hinum gífurlegu framleiðslukröftum, sem fyrir hendi eru í auðvaldsþjóðfélaginu. Þjóðfélagslegt eðli framleiðslunnar verður sífellt í meira æpandi mótsögn við einkaeignina á framleiðslunni og skipulagsleysið, sem henni fylgir.

Öll "tækniþróun" í kapítalismanum er beinlínis í þágu arðránsgróða auðvaldsins, en ekki til að þjóna þörfum almennings. Milljónum og aftur milljónum er sóað í geimferðir og gjöreyðingarvopn. Skipulagsleysi framleiðslunnar er svo gífurlegt, að í Bandaríkjunum t.d. var framleiðslan á árunum 1950–61 aðeins helmingur raunverulegrar framleiðslugetu þjóðarinnar. Stærri og stærri hluti þjóðarteknanna fer í að halda uppi sívaxandi skrifstofubákni auðvaldslandanna.

Þegar kapítalisminn þróaðist úr samkeppniskapítalisma til einokunarkapítalisma urðu allar mótsetningar þjóðfélagsins andstæðari og skarpari, þar sem einokunarhringarnir þróuðust á grundvelli samkeppninnar samtímis því sem þeir eru andstæða samkeppninnar. Samkeppnin heldur áfram að fyrirfinnast, að nokkru leyti innan þeirra sviða, sem einokunin hefur ekki náð til, og einnig á hærra sviði sem samkeppni einokunarhringa og ríkja einokunarkapítalsins. Þetta hefur leitt til að nýjar mótsetningar hafa orðið til, t.d. milli einokunarhringanna og þess hluta auðvaldsins, sem ekki hefur einokunaraðstöðu. Í dag er það því ljósara en nokkru sinni fyrr, að auðvaldið er dæmt til að verða að engu gert í sósíalísku byltingunum.




Um ríkið

Stéttabaráttan er grundvöllur og um leið höfuðdrifkraftur þjóðfélagsþróunarinnar.

Þær stéttir, sem sigrað hafa í stéttastríðunum, hafa ævinlega, án undantekningar, tekið völdin með vopnavaldi og tryggt sér vald sitt undir vernd vopnaðs hervalds síns ríkisskipulags. Þar af leiðandi er sérhver stéttabarátta fyrst og fremst barátta um völdin í þjóðfélaginu – pólitísk barátta.

En það er ógjörlegt fyrir valdastéttir arðráns og kúgunar að varðveita vald sitt með opinni valdbeitingu einvörðungu. Til að halda völdum er nauðsynlegt fyrir valdastéttina að verja vald sitt með hugmyndafræðilegri réttlætingu á sinni eigin valdbeitingu, sem þar með verður að leggja áherzlu á að gera kúguðu stéttirnar undirgefnar og sneiddar þekkingu á hver þjóðfélagsleg afstaða þeirra er í raun og veru.

Á sama hátt hafa hinar kúguðu stéttir ævinlega myndað sér sínar eigin hugmyndir sem leiðarljós í stéttabaráttunni. Í stéttaþjóðfélagi ber sérhver hugsun merki ákveðinnar stéttar. Þannig er stéttabaráttan háð á öllum sviðum þjóðfélagsins, á hagssviðinu, á sviði pólitíkurinnar og á sviði hugmyndafræðinnar.



Ástandið í heiminum í dag

Það tímabil, er við lifum á, er tímabil heimsvaldastefnunnar, hins rotnandi auðvaldsskipulags og tímabil sósíalísku byltinganna.

Maó hefur sagt: "Óvinurinn rotnar með degi hverjum, en allt verður betra og betra fyrir okkur". Rotnunareinkenni auðvaldsins blasa við hvar sem á er litið og byltingarhreyfing öreiganna og alþýðunnar geisist fram í fjölmörgum löndum heimsins, í Suður-Víet Nam, Laos, Thailandi, Burma, Malaya, Indónesíu, Palestínu og öðrum svæðum Asíu, Afríku og Rómönsku Ameríku. Í sjálfum heimalöndum heimsvaldastefnunnar hefur þróunin einnig verið öreigunum í vil og marxisminn-lenínisminn-hugsun Maós Tsetungs hefur fengið aukna útbreiðslu um heim allan.

Það verður augljósara með degi hverjum, að sjúkdómar auðvaldsskipulagsins eru algjörlega ólæknandi og að sósíalíska byltingin er eina lausnin.

Heimsvaldastefnan framkallar sífellt ný stríð og styrjaldir í ýmsum myndum. Þess vegna er hin markvissa og stálharða sósíalíska bylting hin friðsælasta stríðsaðgerð, sem hægt er að gera.



Um flokkinn

Saga kommúnistaflokkanna hefur sýnt og sannað, að alræði öreiganna getur því aðeins náð fram að ganga, að verkalýðurinn eigi sér byltingarflokk, sem hefur sigrað alla hentistefnu, undansláttarsemi og uppgjafarhneigð fyrir borgarastéttinni.

Án byltingarflokks eru öreigarnir eins og höfuðlaus her.

Saga kommúnistaflokkanna hefur einnig sýnt, að stéttasamvinnuflokkar, sem ganga með hugaróra um "þjóðfélagsumbætur" og óttast sjálfa byltinguna geta ekki veitt byltingunni forystu.

Sagan hefur einnig sýnt og sannað, að kommúnistaflokkur getur ekki rækt skyldu sína nema hann hafi marxismann-lenínismann-hugsun Maós Tsetungs fullkomlega á valdi sínu.

Það hefur einnig komið í ljós, að byltingin getur ekki náð fram að ganga nema það sé gengið milli bols og höfuðs á smáborgaralegu verkalýðsflokkunum, sem leiða vanþroskaðasta hluta öreigastéttarinnar undir pilsfald borgarastéttarinnar.

Sagan hefur einnig sannað, að flokkur kommúnista getur ekki rækt skyldur sínar nema hann heyi hlífðarlausa baráttu gegn hentistefnu og undansláttarsemi meðal sinna eigin liðsmanna.

Sagan kennir ennfremur, að án hreinskilinnar gagnrýni og sjálfsgagnrýni á verk sín getur flokkurinn ekki leitt öreigastéttina í stéttabaráttunni.

Þess ber einnig að gæta að flokkurinn getur aldrei orðið reglulegur múgflokkur nema hann hafi hin margvíslegustu tengsl við alþýðuna og sé annt um að treysta þau bönd.



Verkamenn og heiðarlegir stuðningsmenn öreigastéttarinnar! Hafið samband við KHML og skipuleggið ykkur í námshópa samkvæmt leshringnum hér að ofan! Vopn okkar er skipulagning á byltingargrundvelli marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs, takið þátt í að mynda byltingarsamtök, sem geta leitt uppbyggingarstarfið fyrir hinn kommúníska byltingarflokk! Hafið samband við næsta sölumann Stéttabaráttunnar eða Sigurð Jón Ólafsson, Öldugötu 7a kj., sími 20804 og látið skrá ykkur í námshóp. Þið sem eruð úti á landi og viljið hefja byltingarsinnað námsstarf, skrifið til ofanskráðs heimilisfangs og við munum senda ykkur allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi skipulag og efni leshringsins!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!

Lærum af stéttarbaráttunni og gerum þekkingu okkar að vopni til flokksmyndunar!





Takið þátt í byltingarsinnuðu námsstarfi KHML

KHML er þegar farin að plægja jarðveginn fyrir byltingarsinnað starf á Íslandi. Fremsta skilyrðið fyrir byltingarsinnuðu starfi er að öreigarnir njóti leiðsagnar marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs í starfi, samanber lausnarorð Leníns: "Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar getur engin byltingarsinnuð hreyfing átt sér stað".
Með grundvallarnámshring KHML eru mörkuð tímamót í íslenzkri stéttabaráttu. Það er fyrst nú með starfi KHML, að stéttvísustu öreigar landsins geta tekið höndum saman um að halla byltingarsinnuðu fræðikenningunni völl við íslenzkar aðstæður með alhliða námi í öreigavísindunum. Fremsta vopn okkar í þessu skyni er námshringur KHML.
Til þess að öreigastéttin geti farið rétta leið í stéttabaráttunni verða stéttvísustu öreigarnir að tileinka sér sameinaða baráttureynslu öreigastéttarinnar allt frá Marx til Maós Tsetungs og tengja almennt gildi þessarar reynslu séraðstæðum íslenzka þjóðfélagsins. Stéttvísustu öreigarnir verða að þekkja ástandið í heiminum í dag og stéttabaráttuna í sínu eigin landi. Og síðast en ekki sízt verðum við að geta lært af eigin reynslu, gera okkur fulla grein fyrir eigin framkvæmdum og geta farið leið gagnrýni og sjálfsgagnrýni til að leiðrétta mistök og rangar baráttuaðferðir.
Með framangreinda þrjá höfuðþætti að burðarásum hefur KHML gert alhliða námshring í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs.

FRAM TIL BARÁTTU FYRIR BYLTINGARSINNUÐU NÁMSSTARFI ÖREIGASTÉTTARINNAR!

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!

OPIÐ BRÉF TIL ALLRA STÉTTVÍSRA ÍSLENDINGA

Öreigar og frændur öreigastéttarinnar!
Við lifum í auðvaldsþjóðfélagi og grundvöllur þess er arðrán borgarastéttarinnar á öreigastéttinni. Auðvaldið byggist á alræði borgaralega eignarréttarins á verksmiðjunum, vélunum og verkfærunum – framleiðslutækjunum. Öreigarnir eiga ekki nein framleiðslutæki og eru því neyddir til að framfleyta sér og sínum með því að selja vinnukraft sinn til auðvaldsins. Því er einnig þannig farið, að auðvaldið getur ekki verið án öreiganna, því það er aðeins vinnukrafturinn, sem skapar ný verðmæti og án hans eru vélarnar einskis virði.

Það er vinna öreiganna, sem skapar öll verðmæti þjóðfélagsins, en auðvaldið greiðir ekki meiri vinnulaun en sem duga til að verkafólkið geti unnið og alið upp börn sín til launavinnuþrældómsins. Einhverjir ykkar kunna að malda í móinn og segja: Við eigum þó bíl, sjónvarp og jafnvel íbúð og við höfum svarið á reiðum höndum: Í fyrsta lagi er það aðeins lítill hluti öreiganna, sem á þessa hluti, meðan flestir eru hlekkjaðir við launavinnuþrælkunina með stórum skuldaböggum. Og gætið að, það er einnig nauðsynlegt fyrir auðvaldið, að öreigarnir eigi bíla til að geta ekið til og frá vinnu og sjónvarpið er eitt bezta áróðurstæki auðvaldsins, þar sem borgarastéttin getur sent borgaralegu hugmyndafræðina inn á nær hvert einasta öreigaheimili í ýmsum myndum á sjónvarpsskerminum.

Gerið samanburð á skiptingu verðmæta þjóðfélagsins fyrr og nú og ykkur mun hrella við, er þið sjáið hve misskipting verðmætanna er margfalt meiri nú en áður og allur fjöldinn, þeir sem skapa verðmætin, fá hlutfallslega minna og minna í ask sinn á meðan fjármagnið hleðst upp í sífellt færri manna hendur.

Öreigar! Endalaus launavinna, þrælkun, arðrán og kúgun er framtíðin, sem bíður okkar, ef við ekki setjum réttlæti hinnar vinnandi stéttar – þeirrar, sem skapar öll verðmæti þjóðfélagsins, gegn órétti auðvaldsstéttarinnar, sem byggir tilveru sína á eignarréttinum á framleiðslutækjunum.

Í dag hefur auðvaldið komizt á sitt hæsta stig, sem er heimsvaldastefnan og það er hið rotnandi stig auðvaldsins. Það tímabil er einnig tímabil öreigabyltinganna og sósíalíska uppbyggingarstarfsins í þeim löndum, er öreigastéttin hefur reist alræði sitt.

1917 hóf fáninn rauði sigurgöngu sína með hinni hetjulegu rússnesku byltingu, síðan hafa hin framsýnu sósíalísku byltingarstríð geisað víða um lönd. Í dag eru Kína, Albanía, Norður-Kórea og Norður-Víet Nam fremsta vígi sósíalismans og kúguðu þjóðirnar berjast fyrir frelsi sínu í byltingarsinnuðu alþýðustríðunum gegn heimsvaldastefnunni. Nær alls staðar í hinum undirokaða heimi hefur hin þjáða alþýða tekið sér vopn í hönd gegn ógnarvaldi heimsvaldasinna. Rotnunareinkenni heimsvaldastefnunnar koma hvað gleggst í ljós í þeim stríðum, þar sem alþýða hinna undirokuðu landa berst undir leiðsögn kommúnistaflokka á grundvelli marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs. Allra ljósast sjáum við ósigranleika hinnar sósíalísku baráttu í Víet Nam, þar sem eldskaut frelsisstríðanna er heitast.

Síðustu mánuði hafa frelsisherirnir látið stein fylgja sleggju og rekið hrikalegustu vígaskepnu veraldarsögunnar á hraðan flótta, þrátt fyrir að steypiregn af eldbombum og tætisprengjum hellist yfir hin frelsuðu héruð í sífellu. Bandaríkin í Norður-Ameríku hafa borið fullkominn ósigur í stríðinu og bregða nú fyrir sig ógnarlegri múgmorðsaðferðum en nazistarnir gátu látið sig dreyma um – allt í nafni kærleikans til mannanna segir viðbjóðslega heimsvaldarottan Nixon.

Íslenzkir öreigar og öreigafrændur! Sitjum ekki auðum höndum! Sýnum alþjóðahyggju okkar í verki með því að brynja okkur til baráttu með marxismann-lenínismann-hugsun Maós Tsetungs að vopni! Með baráttu okkar hér – stétt gegn stétt styðjum við alþýðu Víet Nam!

Júlí 1972
Kommúnistahreyfingin marxistarnir-lenínistarnir.

Námshringur Kommúnistahreyfingarinnar m-l

Kommúnistaávarpið

1

Kommúnistaávarpið gefur mjög góða mynd af öllum helztu grundvallaratriðum marxismans. Það er skrifað af Marx og Engels árið 1848 samkvæmt tilmælum frá Alþjóðlegu Kommúnistasamtökunum (Bund der Kommunisten) og eru öll höfuðatriði ávarpsins enn þann dag í dag í fullu gildi. Í Kommúnistaávarpinu sýna Marx og Engels fram á, að það er stéttabaráttan, sem er höfuðdrifkraftur þjóðfélagsþróunarinnar og að sögulegt hlutverk öreigastéttarinnar er að taka völdin í þjóðfélaginu með byltingu og byggja upp sósíalismann sem skref í átt til stéttlauss þjóðfélags kommúnismans. "Borgarastéttin hefur ekki aðeins smíðað vopnin, sem verða henni að bana, hún hefur einnig skapað herinn, sem á að fara með þau – verkamenn vorra tíma, öreigana."



Díalektíska og sögulega efnishyggjan

2

Díalektíska efnishyggjan er eina vísindalega heimsskoðunin, sem nokkru sinni hefur fyrirfundizt. Rök hennar eru vísindalega grundvölluð og samrýmast vísindalegum staðreyndum.
Díalektíska efnishyggjan kom fram um miðja 19. öld sem ávöxtur byltingarinnar í náttúruvísindunum og stéttabaráttunnar. Það voru þeir Marx og Engels, sem formuðu hina heilsteyptu heimspeki efnishyggjunnar út frá landafundum borgaralegu vísindanna. Með því að hagnýta díalektísku efnishyggjuna við rannsóknir á þróun sögunnar lögðu þeir einnig grundvöllinn að díalektísku og sögulegu efnishyggjunni, sem er hið ósigrandi frelsisvopn öreigastéttarinnar undan arðráni og kúgun fyrir sósíalisma og framtíðarþjóðfélagið – kommúnismann.
Marx sýndi fram á, að til þess að öreigastéttin geti valið byltingarsinnaðri baráttu rétta leið, þá verðum við að taka tillit til: HLUTLÆGS ÞRÓUNARÁSTANDS ÞJÓÐFÉLAGSINS OG ALLRA ÁHRIFA STÉTTANNA HVER Á AÐRA. ÞETTA Á EINNIG VIÐ UM VÍXLÁHRIF ÞJÓÐFÉLAGSINS OG ANNARRA ÞJÓÐFÉLAGA, SAMTÍMIS ÞVÍ SEM VIÐ VERÐUM AÐ RANNSAKA ÁSTANDIÐ HVERJU SINNI BÆÐI ÚT FRÁ SJÓNARHORNI LIÐINS TÍMA OG ÞESS SEM VERÐA MUN.



Um starfið

3


Starfið er grundvöllur allrar mannlegrar þekkingar, það er að segja starfið við framleiðsluna, baráttan milli stéttanna og vísindalegu rannsóknirnar.
Fyrir okkur kommúnista er fræðikenningin einvörðungu leiðarvísir í starfi, en ekki fræðilegur spekingsleikur eins og smáborgaralegu sósíalistarnir iðka.
Maó Tsetung líkti marxismanum-lenínismanum einu sinni við pílu og sagði, að til væru þeir, sem skytu pílunni út í loftið og aðrir, sem létu sér nægja að gæla við píluna og segja "hvílík dásemdar píla!". Og hann benti á, að þessir menn hafa ekki einu sinni nasarþefsskilning á byltingunni. Við kommúnistar munum hins vegar ekki láta nokkurn hlut hindra okkur í að skjóta pílunni markvisst í átt að sósíalísku byltingunni.
En til þess að geta skotið pílunni í rétta átt er engan veginn nóg að þekkja almenna drætti kapítalismans, við verðum að þekkja hann í okkar eigin landi og starfa samkvæmt séreinkennum hans til að geta kollsteypt honum. Lenín hefur lýst þessu með orðunum: "Hlutlæg rannsókn á hlutlægum aðstæðum er líf og sál marxismans".



Pólitíska hagfræðin 1.

4

Pólitíska hagfræðin er vísindin um þróun þjóðfélagslegu framleiðsluafstæðnanna, þ.e. afstöðu mannanna hvers til annars í framleiðslunni. Pólitíska hagfræðin opinberar þau lögmál, sem stjórna framleiðslunni, og skiptingu afurðanna í þjóðfélaginu á hinum ýmsu stigum þróunarinnar. Vegna þess að pólitíska hagfræðin opinberar sannleikann um framleiðslugrundvöll þjóðfélagsins er hún í þágu öreigastéttarinnar, sem hefur allt að vinna og engu að tapa í sósíalísku byltingunni.
Hún gefur öreigastéttinni þekkinguna, sem er nauðsynleg til að stéttin geti gengið djarflega til síns sögulega verks: að brjóta auðvaldið á bak aftur undir leiðsögn kommúnistaflokksins og reisa alræði öreigastéttarinnar.



Pólitíska hagfræðin 2.

5


Það er ekki hægt að hagnýta nema lítinn hluta af hinum gífurlegu framleiðslukröftum, sem fyrir hendi eru í auðvaldsþjóðfélaginu.
Þjóðfélagslegt eðli framleiðslunnar verður sífellt í meira æpandi mótsögn við einkaeignina á framleiðslunni og skipulagsleysið, sem henni fylgir.
Öll "tækniþróun" í kapítalismanum er beinlínis í þágu arðránsgróða auðvaldsins, en ekki til að þjóna þörfum almennings. Milljónum og aftur milljónum er sóað í geimferðir og gjöreyðingarvopn. Skipulagsleysi framleiðslunnar er svo gífurlegt, að í Bandaríkjunum t.d. var framleiðslan á árunum 1950–61 aðeins helmingur raunverulegrar framleiðslugetu þjóðarinnar. Stærri og stærri hluti þjóðarteknanna fer í að halda uppi sívaxandi skrifstofubákni auðvaldslandanna.
Þegar kapítalisminn þróaðist úr samkeppniskapítalisma til einokunarkapítalisma urðu allar mótsetningar þjóðfélagsins andstæðari og skarpari, þar sem einokunarhringarnir þróuðust á grundvelli samkeppninnar samtímis því sem þeir eru andstæða samkeppninnar.
Samkeppnin heldur áfram að fyrirfinnast, að nokkru leyti innan þeirra sviða, sem einokunin hefur ekki náð til,og einnig á hærra sviði sem samkeppni einokunarhringa og ríkja einokunarkapítalsins. Þetta hefur leitt til að nýjar mótsetningar hafa orðið til, t.d. milli einokunarhringanna og þess hluta auðvaldsins, sem ekki hefur einokunaraðstöðu.
Í dag er það því ljósara en nokkru sinni fyrr, að auðvaldið er dæmt til að verða að engu gert í sósíalísku byltingunum.



Um ríkið

6

Stéttabaráttan er grundvöllur og um leið höfuðdrifkraftur þjóðfélagsþróunarinnar.
Þær stéttir, sem sigrað hafa í stéttastríðunum, hafa ævinlega, án undantekningar, tekið völdin með vopnavaldi og tryggt sér vald sitt undir vernd vopnaðs hervalds síns ríkisskipulags. Þar af leiðandi er sérhver stéttabarátta fyrst og fremst barátta um völdin í þjóðfélaginu – pólitísk barátta.
En það er ógjörlegt fyrir valdastéttir arðráns og kúgunar að varðveita vald sitt með opinni valdbeitingu einvörðungu. Til að halda völdum er nauðsynlegt fyrir valdastéttina að verja vald sitt með hugmyndafræðilegri réttlætingu á sinni eigin valdbeitingu, sem þar með verður að leggja áherzlu á að gera kúguðu stéttirnar undirgefnar og sneiddar þekkingu á hver þjóðfélagsleg afstaða þeirra er í raun og veru.
Á sama hátt hafa hinar kúguðu stéttir ævinlega myndað sér sínar eigin hugmyndir sem leiðarljós í stéttabaráttunni. Í stéttaþjóðfélagi ber sérhver hugsun merki ákveðinnar stéttar. Þannig er stéttabaráttan háð á öllum sviðum þjóðfélagsins, á hagssviðinu, á sviði pólitíkurinnar og á sviði hugmyndafræðinnar.



Ástandið í heiminum í dag

7

Það tímabil,er við lifum á, er tímabil heimsvaldastefnunnar, hins rotnandi auðvaldsskipulags og tímabil sósíalísku byltinganna.
Maó hefur sagt: "Óvinurinn rotnar með degi hverjum, en allt verður betra og betra fyrir okkur". Rotnunareinkenni auðvaldsins blasa við hvar sem á er litið og byltingarhreyfing öreiganna og alþýðunnar geisist fram í fjölmörgum löndum heimsins, í Suður-Víet Nam, Laos, Thailandi, Burma, Malaya, Indónesíu, Palestínu og öðrum svæðum Asíu, Afríku og Rómönsku Ameríku. Í sjálfum heimalöndum heimsvaldastefnunnar hefur þróunin einnig verið öreigunum í vil og marxisminn-lenínisminn-hugsun Maós Tsetungs hefur fengið aukna útbreiðslu um heim allan.
Það verður augljósara með degi hverjum, að sjúkdómar auðvaldsskipulagsins eru algjörlega ólæknandi og að sósíalíska byltingin er eina lausnin.
Heimsvaldastefnan framkallar sífellt ný stríð og styrjaldir í ýmsum myndum. Þess vegna er hin markvissa og stálharða sósíalíska bylting hin friðsælasta stríðsaðgerð, sem hægt er að gera.



Um flokkinn

8

Saga kommúnistaflokkanna hefur sýnt og sannað, að alræði öreiganna getur því aðeins náð fram að ganga, að verkalýðurinn eigi sér byltingarflokk, sem hefur sigrað alla hentistefnu, undanslættarsemi og uppgjafarhneigð fyrir borgarastéttinni.
Án byltingarflokks eru öreigarnir eins og höfuðlaus her.
Saga kommúnistaflokkanna hefur einnig sýnt, að stéttasamvinnuflokkar, sem ganga með hugaróra um "þjóðfélagsumbætur" og óttast sjálfa byltinguna geta ekki veitt byltingunni forystu.
Sagan hefur einnig sýnt og sannað, að kommúnistaflokkur getur ekki rækt skyldu sína nema hann hafi marxismann-lenínismann-hugsun Maós Tsetungs fullkomlega á valdi sínu.
Það hefur einnig komið í ljós, að byltingin getur ekki náð fram að ganga nema það sé gengið milli bols og höfuðs á smáborgaralegu verkalýðsflokkunum, sem leiða vanþroskaðasta hluta öreigastéttarinnar undir pilsfald borgarastéttarinnar.
Sagan hefur einnig sannað, að flokkur kommúnista getur ekki rækt skyldur sínar nema hann heyi hlífðarlausa baráttu gegn hentistefnu og undanslættarsemi meðal sinna eigin liðsmanna.
Sagan kennir ennfremur, að án hreinskilinnar gagnrýni og sjálfsgagnrýni á verk sín getur flokkurinn ekki leitt öreigastéttina í stéttabaráttunni.
Þess ber einnig að gæta að flokkurinn getur aldrei orðið reglulegur múgflokkur nema hann hafi hin margvíslegustu tengsl við alþýðuna og sé annt um að treysta þau bönd.



Verkamenn og heiðarlegir stuðningsmenn öreigastéttarinnar! Hafið samband við KHML og skipuleggið ykkur í námshópa samkvæmt leshringnum hér að ofan! Vopn okkar er skipulagning á byltingargrundvelli marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs, takið þátt í að mynda byltingarsamtök, sem geta leitt uppbyggingarstarfið fyrir hinn kommúníska byltingarflokk! Hafið samband við næsta sölumann Stéttabaráttunnar eða Sigurð Jón Ólafsson, Öldugötu 7a kj., sími 20804 og látið skrá ykkur í námshóp. Þið sem eruð úti á landi og viljið hefja byltingarsinnað námsstarf, skrifið til ofanskráðs heimilisfangs og við munum senda ykkur allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi skipulag og efni leshringsins!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!



NATO Kúgunartæki heimsvaldasinna

Skömmu eftir annað uppskiptastríð heimsvaldastefnunnar eða í lok 5. áratugs 20. aldar stofna Bandaríki Norður-Ameríku ásamt mörgum öðrum auðvaldsríkjum í Vestur-Evrópu Atlantshafsbandalagið í þeim tilgangi að tryggja hagsmuni borgarastéttarinnar í þessum löndum og heimsvaldastefnuna og einnig að koma upp þéttriðnu neti herstöðva kringum sósíalísku löndin - berjast gegn kommúnismanum.

Forustuhlutverk Bandaríkjanna í bandalagi heimsvaldalandanna er auðsætt, þegar þau að lokinni heimsstyrjöldinni standa uppi sem auðugasta og voldugasta ríki heims með háþróaða auðvaldsframleiðslu og í stöðugri sókn eftir frekara arðráni utanlands sem innan. Flest heimsvaldasinnuð auðvaldsríki V.-Evrópu eru illa á sig komin eftir langan styrjaldarékstur og taka feginshendi fjárhagslegum og hernaðarlegum stuðningi Bandaríkjanna og gerast þeim háð. Bandaríska heimsvaldastefnan á þannig frumkvæðið að og er alls ráðandi í NATÓ, notfærir sér það fyrst og fremst í eigin hagsmuna skyni. Aftur á móti eiga borgarastéttir heimsvaldalanda V.-Evrópu tryggan bakhjarl sem NATÓ er í baráttunni gegn framgangi sósíalismans, þ.e. að bæla niður byltingarbaráttu öreigastéttarinnar í þessum löndum. Þannig ber fyrst og fremst að skoða NATÓ sem kúgunar- og stríðstæki borgarastétta heimsvaldalandanna gegn sósíalísku löndunum, öreigum og kúguðum þjóðum.

Sem dæmi um starfsemi NATÓ má benda á stuðning þann, sem Portúgal fær frá NATO í formi fjár og nýtízku vopna til að reyna að halda nýlendum sínum í Afríku með grimmilegri kúgun og fjöldamorðum á frelsisstríðandi alþýðu nýlendanna.
Í Grikklandi undirbjó NATÓ og studdi valdatöku einræðisklíku grísku herforingjanna, er "pólitíska sjálfstæðinu (auðvaldinu) var ógnað" í átökum harðnandi stéttabaráttu.
NATÓ styður dyggilega einræðisstjórnina og kúgun hennar með stöðugum fjármagnsaustri og vopnasendingum.

NATÓ hefur í Tyrklandi 101 herstöð og tuttugu þúsund hermenn. Í fasísku valdatökunni ´71 voru það hershöfðingjar, sem tóku völdin með dyggum stuðningi NATÓhersins (500 þús.). NATÓ hefur stutt tyrknesku fasistastjórnina með ráðum og dáð, því auðmenn Bandaríkjanna og EBE landanna eiga mikilla hagsmuna að gæta í Tyrklandi.

En máttarstoðir Atlantshafsbandalagsins eru nú að bresta vegna sívaxandi innri mótsagna, því mörg heimsvaldaríki V.-Evrópu vilja brjótast undan yfirráðum Bandaríkjanna og vera sjálfstæð heimsvaldalönd. M.a. hætti Frakkland hernaðarsamvinnu við NATÓ ´66 og rak bandarískt herlið og höfuðstöðvar NATÓ úr landinu. Nú á dögum vaxandi heimskreppu auðvaldsins og hættu á 3. uppskiptastríðinu kemur **NATÓ** til **með að klofna vegna innbyrðis baráttu heimsvaldalandanna.**



Bandhundar heimsvaldastefnunnar á Keflavíkurflugvelli.

ÁRTÖL ÚR SÖGU HERS OG NATOS Á ÍSLANDI.

7. júlí 1941:

Amerískur her kemur til Íslands skv. ósk íslenzkra stjórnaryfirvalda. Í samþykkt Alþingis segir: "Bandaríkjunum sé falin hervernd Íslands, meðan núverandi styrjöld stendur."
Einnig segir í samningi ríkisstjórnar Íslands við Bandaríkjastjórn: "Bandaríkin skuldbindi sig til að hverfa burt af Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó, undir eins og núverandi ófriði er lokið."

17. júní 1944:

Klippt á síðustu nýlendubönd við Dani.- Ísland lýst lýðveldi. Íslenzk borgarastétt hlýtur fullkomið sjálfstæði og frelsi til að arðræna og kúga íslenzka öreigastétt og þróa "óháð" áfram íslenzka auðvaldsþjóðfélagið.

1. okt. 1945:

Heimsstyrjöldinni lokið. Ósk kemur frá Bandaríkjastjórn um leigu á bækistöðvum fyrir herlið á 3 tilgreindum stöðum á Íslandi til 99 ára, en er hafnað að sinni.

5. okt. 1946:

Ísland gerir samning við Bandaríkin um brottflutning alls herafla innan 1/2 árs, en Bandaríkin fái í 6 1 /2 ár að hafa afnot af Keflavíkurflugvelli fyrir starfsemi sína "vegna hernáms Þýzkalands".

3. júlí 1948:

Íslenzka ríkisstjórnin undirritar samning við Bandaríkjastjórn um aðild að "Marshallhjálpinni og efnahagslegri samvinnu Evrópu". Samningurinn er háður skilyrðum um aðild að NATÓ og gildir til 30. júní 1953.

30. marz 1949:

Íslenzka ríkisstjórnin samþykkir aðild að NATÓ undir vernd vopnaðs lögregluliðs og hvítliðasveitar (fasistadrengir úr Heimdalli og Óðni). Ofsaleg mótmæli íslenzkrar alþýðu gegn aðildinni barin niður með kylfum, táragasi og réttarofsóknum.

4. apríl 1949:

Tólf ríki undirrita sáttmála Atlantshafsbandalagsins - NATÓ stofnað. (Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Holland, Ísland, Ítalía, Kanada, Lúxemburg, Noregur og Portúgal. 1952 bætast Grikkland og Tyrkland í NATÓ og 1955 Sambandslýðveldið Þýzkaland).

5. maí 1951:

Íslenzka ríkisstjórnin gerir samning við Bandaríkin um leigu á landssvæði fyrir herstöðvar - "varnarsamningurinn" svonefndi.

1955:

Bandaríkin sækja fast að fá aukna aðstöðu í Hvalfirði og gera stórfelldar hernaðarframkvæmdir.

28. marz 1956:

Alþingi gerir samþykkt um endurskoðun herstöðvasamningsfrá 1951. Þessi samþykkt kemur í veg fyrir afhendingu Hvalfjarðar til Bandaríkjamanna. Sterk mótmælaalda rís gegn hersetunni.

Júlí 1956:

Vinstri stjórn mynduð (hræðslubandalagið svonefnda) af þrem þeirra flokka, er stóðu að samþykkt Alþingis um endurskoðun herstöðvasamningsins. Stjórnin heitir í málefnasamningi sínum að fylgja fram áðurnefndri samþykkt. Að sjálfsögðu verður aldrei úr því.

1958:

Vinstri stjórnin hröklast frá völdum.

1959:

Bandaríkjamenn byggja lóransstöð á Snæfellsnesi skv. samningi við ísl. ríkisstjórn. Kafbátar á öllu N.-Atlantshafi geta tekið mið af þessari stöð.

Ágúst 1963:

Ríkisstjórnin gerir samning við NATÓ um auknar framkvæmdir í Hvalfirði, nýtt herskipalægi.

Júní 1968:

Ráðherrafundur NATÓ haldinn í Háskóla Íslands. Lögreglu sigað á mótmælendur fyrir utan Háskólann.

4. apríl 1969:

20 ár liðin frá stofnun NATÓ, en þá getur hver aðili sagt sig úr bandalaginu með eins árs fyrirvara.

Júlí 1971:

Ný vinstri stjórn mynduð á Íslandi. Í málefnasamningi hennar um utanríkismál segir svo í IV. grein: "Varnarsamningurinn við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu."

ÚR ATLANTSHAFSSÁTTMÁLANUM:

4. gr.

Aðilar munu hafa samráð sín á milli, hvenær sem einhver þeirra telur friðhelgi landssvæðis einhvers aðila, pólitísku sjálfstæði eða öryggi ógnað.

úr 5. gr.

Aðilar eru sammála um, að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla; fyrir því eru þeir sammála um, ef slík vopnuð árás verður gerð, að þá muni hver þeirra í samræmi við rétt þann til eigin varnar og sameiginlegrar, sem viðurkenndur er í 51. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðstoða aðila þann eða þá, sem á er ráðizt, með því að gera þegar í stað hver um sig og ásamt hinum aðilunum þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, og er þar með talin beiting vopnavalds, til þess að koma aftur á og varðveita öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins

ÚR HERSTÖÐVASAMNINGNUM:

"Ísland og Bandaríkin munu hafa samvinnu um að uppræta og koma í veg fyrir hvers konar ólöglega starfsemi, svo og afstýra athöfnum, sem óheppileg áhrif hafa á íslenzkt hagkerfi."

þjóðrembingsgrundvöllur andófshreyfinganna

GEGN-HER-Í-LANDI HREYFINGARNAR.

Baráttan gegn bandaríska hernum á Íslandi og veru Íslands í NATÓ hefur tekið á sig margar myndir og tekið á sig fast form í þrenns konar samtökum á tímabilinu ´58 - ´72. Fyrst ber að geta samtakanna "Friðlýst land - samtök rithöfunda og menntamanna", sem voru stofnuð ´58 "úr röðum rithöfunda og annarra listamanna, háskólastúdenta og annarra menntamanna" (sjá ritið Keflavíkurgangan, bls. 1). Höfuðverkefni samtakanna var að knýja íslenzku ríkisstjórnina til að efna samþykkt Alþingis frá 28. marz ´56 um endurskoðun herstöðvasamningsins, sem var tekin inn í málefnasamning ríkisstjórnarinnar,og að mynda breiðfylkingu gegn hernum á þjóðlegum grundvelli. "Friðlýst land" undirbjó fyrstu Keflavíkurgönguna ´60, Þingvallarfundinn sama ár og stofnun Samtaka hernámsandstæðinga. Samtök hernámsandstæðinga eru þannig beint framhald af "Friðlýst land" og leiðandi menn þeir sömu. Samtökin halda uppi gegn-her-í-landi starfi sínu til um það bil ´66, en lognast síðan hægt út af.

Það er ekki fyrr en eftir myndun vinstri stjórnarinnar ´71 og ákvæðis í málefnasamningi hennar um endurskoðun á "varnarsamningnum" með brottför hersins fyrir augum, að hernámsandstæðingar taka kipp á ný - og dauði Jóhannesar úr Kötlum verður kveikjan að hinni nýmynduðu herstöðvahreyfingu nú ´72, sem stendur í beinu framhaldi af Samtökum hernámsandstæðinga og byggir á hinum sama þjóðlega grunni.

STÉTTARLEGUR BAKGRUNNUR HREYFINGANNA

Það er sammerkt með öllum þessum hreyfingum, að þær eru leiddar af lista- og menntamönnum, sem túlka stéttarafstöðu smáborgaranna, en það er einmitt mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir stéttarstöðu þessara manna til að skilja innihald pólitíkur þeirra og starfshætti.

Það er einnig mikilvægt að gera sér grein fyrir, að á tímabili allra þessara hreyfinga er engan kommúnistaflokk að finna á Íslandi né nein skipulögð samtök kommúnista, sem hefðu getað leitt þessa baráttu með hinum rétta skilningi á stéttareðli hers og NATÓS og tengt hana grundvelli verkalýðsstéttarinnar í stéttabaráttunni eins og inntak þessarar baráttu er í raun og veru.

Þessar ástæður varpa einmitt skýru ljósi á hversvegna allar þessar hreyfingar eru í eðli sínu þjóðernislegar og starf þeirra allt ofur takmarkað.

ÞJÓÐERNISLEGT EÐLI HREYFINGANNA.

Hvað þýðir það, að hreyfingarnar séu þjóðernislegar að eðli?
Það þýðir það, að þær standa á þjóðlegum grundvelli, tala máli íslenzku þjóðarinnar sem óskiptrar heildar og gefa í skyn, að um þjóðfrelsisbaráttu sé að ræða, þar sem meginþorri íslenzku þjóðarinnar eigi í baráttu við bandarísku heimsvaldastefnuna á sama tíma og íslenzk borgarastétt arðrænir sjálfstætt íslenzka öreiga og hefur þar að auki sýnt og sannað pólitískt sjálfstæði sitt í utanríkismálum, sbr. afstöðu núverandi ríkisstjórnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, landhelgismálið o.fl.
En hin sjálfstæða íslenzka borgarastétt, sem hefur öll völd þjóðfélagsins í höndum sér og ræður í dag úrslitum á öllum sviðum stéttabaráttunnar, er ekki ein sameinuð heild. Innan borgarastéttarinnar ríkja vissar móthverfur, þar sem sú helzta er milli þjóðlegu borgaranna (iðnaðarborgaranna) annars vegar og verzlunarborgaranna hins vegar.

Hinn þjóðlegi hluti borgarastéttarinnar vill þróa auðvaldið í landinu á "þjóðlegan hátt", þar sem aftur á móti verzlunarborgararnir vilja gerast þjónar erlends einokunarauðvalds og skeyta engu um sjálfstæða íslenzka iðnvæðingarstefnu.

Að sjálfsögðu vill borgarastéttin sem heild vissa tryggingu, vopn, gegn öreigastéttinni í stéttabaráttunni og valdatöku hennar. Þessi trygging, þetta vopn, er veran í NATÓ (sjá Atlantshafssáttmálann).

frh. á næstu síðu

ÍSLAND ÚR NATO – berjumst gegn hernaðarbandalögum heimsvaldasinna!

Afstaða KHML í öllum málum grundvallast á hagsmunum öreigastéttarinnar í stéttabaráttunni og sögulegu hlutverki hennar, sósíalísku byltingunni.
KHML getur ekki tekið afstöðu til dvalar bandarísks hers á Íslandi og veru Íslands í NATÓ, án þess að taka tillit til ástandsins í heiminum jafnt sem ástandsins á Íslandi.

Á þeim tíma er Ísland varð endanlega sjálfstætt ríki var andfasíska styrjöldin í algleymingi og fasisminn á undanhaldi fyrir Rauða Hernum. Þá var baráttan við fasismann höfuðmóthverfan í heiminum og sigrar sósíalismans yfir fasismanum voru öreigum heimsins leiðarljós.
Heimsvaldastefnan beið ósigur og rotnunareinkenni hennar komu æ skýrar í ljós, en þessi ósigur heimsvaldastefnunnar gerði það að verkum, að sósíalisminn vann ný lönd, fjöldi austantjaldsríkja gerði sósíalíska byltingu og í Kína varð nýlýðræðisleg bylting 1949.
Bandaríkin voru það auðvaldsríki, sem höfðu mestan hagnað af heimsstyrjöldinni og fljótlega eftir styrjaldarlok hófu þau markvissan undirbúning að kalda stríðinu og voru atómsprengjurnar tvær, sem varpað var á japönsku eyjarnar beinn liður í þeim undirbúningi – bandarískir stjórnmálafræðingar lýstu því yfir, að tilgangurinn með þeim væri fyrst og fremst að hræða sósíalísku Sovétríkin og að þær hefðu ekkert hernaðarlegt gildi.

Að loknu öðru uppskiptastríði heimsvaldastefnunnar var höfuðmóthverfan í heiminum baráttan milli sósíalismans annars vegar og hinnar rotnandi heimsvaldastefnu hins vegar. Bandaríska heimsvaldastefnan var leiðandi í baráttunni gegn sósíalismanum og umkringdi heimsvaldastefnan hinn sósíalíska heim með hernaðarbandalögunum NATÓ, SEATO og CENTO.
Heimsvaldastefnan þurfti á öllum sínum styrk að halda í baráttunni gegn sósíalismanum og það er í því ljósi, sem við verðum að rannsaka aðild Íslands að NATÓ.

Sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar var vikið til hliðar fyrir hagsmunum hins alþjóðlega heimsvalds og íslenzka borgarastéttin brá fyrir sig fasískum stjórnaraðgerðum með afnámi atkvæðaréttarins í þessu máli. Á tímum kalda stríðsins mun höfuðmóthverfan á Íslandi hafa verið milli þjóðfrelsisbaráttu íslenzku alþýðunnar og heimsvaldastefnunnar. En um leið verðum við að gera okkur fulla grein fyrir því, að þessi höfuðmóthverfa er alls ekki sambærileg við höfuðmóthverfuna í kúguðu þjóðunum, þar sem höfuðmóthverfan á Íslandi var fyrst og fremst bundin þjónustunni við heimsvaldastefnuna í kalda stríðinu gegn sósíalismanum.

Þegar sósíalheimsvaldasinnuðu borgararnir komust til valda í Sovétríkjunum var það tímabundinn ósigur fyrir sósíalismann og höfuðmóthverfan í heiminum varð á milli frelsisbaráttu hinna kúguðu þjóða annars vegar og heimsvaldastefnunnar hins vegar.
Við það að höfuðmóthverfan í heiminum breyttist og var ekki lengur baráttan milli sósíalisma og kapítalisma endurheimtu íslenzku borgararnir pólitískt sjálfsforræði sitt og höfuðmóthverfan á Íslandi varð milli stéttanna tveggja: öreiga og borgara.
Þetta verður enn augljósara í dag, er hin ójafna þróun auðvaldsins kemur æ skýrar í ljós með bandalagi V.-Evrópu landanna (EBE) og ber vel að merkja vaxandi vináttu sósíalheimsvaldasinnanna og Efnahagsbandalagsríkjanna, sérstaklega Vestur-Þýzkalands. Á sama tíma kreppir að bandarísku heimsvaldastefnunni. Við þessar aðstæður hafa smáríki tiltölulega mikið efnahagslegt og pólitískt sjálfstæði og getur því ekki verið um annað að ræða en að baráttan okkar hér verði að vera stétt gegn stétt og krafa okkar því: ÍSLAND ÚR NATÓ – BERJUMST GEGN HERNAÐARBANDALÖGUM HEIMSVALDASINNA!

Her og NATÓ eru tvær hliðar sama hlutar. Sé barizt gegn hernum, en ekki NATÓ er það að berjast við vindmyllur. Þannig er barátta herstöðvaandstæðinga. Hvaða pólitískan ávinning fyrir verkalýðsstéttina hefur það, að herstöðvaandstæðingar nái takmarki sínu, þ.e. að herinn fari?

Engan! Meðan Ísland er í NATÓ skiptir öreigana ekki minnsta máli, hvort NATÓher er staðsettur í landinu eða ekki. Skv. sáttmála bandalagsins getur íslenzk borgarastétt kallað til nálægasta NATÓher, þegar pólitísku sjálfstæði hennar er ógnað í stéttabaráttunni.

Þannig hlýtur öreigastéttin að berjast gegn hernum-NATÓ á grundvelli stéttabaráttunnar – öreigastétt gegn borgarastétt –, þar sem herinn-NATÓ er valdatæki borgaranna í stéttabaráttunni. Um leið er þessi barátta alþjóðahyggja öreiganna í verki, þar sem NATÓ er samtök heimsvaldasinna og víglína svartasta afturhalds heimsins í dag.

En höfuðverkefni íslenzkrar verkalýðsstéttar í dag er ekki barátta gegn her og NATÓ, þó við megum aldrei gleyma mikilvægi þess.
Höfuðverkefni öreiganna er skipulagning öreigastéttarinnar í eigin flokk, kommúnistaflokk, sem er framvörður stéttarinnar í stéttabaráttunni og mun ekki aðeins reka her og NATÓ langt út á hafsauga, heldur einnig kollvarpa íslenzka auðvaldsskipulaginu og koma á alræði öreiganna – byggja upp sósíalismann!

þjóðrembingsgrundvöllur...

Nú bregða þjóðlegu borgararnir fyrir sig frjálslyndissvipnum og vilja herinn af landi brott, en að sjálfsögðu ekki úr NATÓ. Hvers vegna? Vegna þess, að það skiptir ekki máli fyrir þá, hvort NATÓher er staddur hérlendis eða í nálægu landi.
Mjög auðvelt er að flytja her til Íslands frá Evrópu eða Bandaríkjunum á örskömmum tíma og yrði hann litlu seinna á vettvang, er ástandið gerðist ótryggt fyrir borgarastéttina, hennar "pólitíska sjálfstæði ógnað" í framrás stéttabaráttunnar, en ef hann væri staddur hérlendis.

Þannig er allt pólitískt starf á þjóðlegum grundvelli beinn stuðningur við þjóðlegu borgarana um leið og það dylur stéttamótsetningar íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins.

STARFSHÆTTIR HREYFINGANNA.

Það kemur af sjálfu sér, að allt starf hreyfinganna, eins og eðli þeirra er háttað, miðar að því að ná sem mestum fjölda á víðfeðmum grundvelli. Og til að ná sem mestum fjölda fólks er að sjálfsögðu farin leið borgaralegrar hugmyndafræði, sem er ríkjandi í dag og auðveldast er að skírskota til. Í verki: hreyfingin allt – markmiðið ekkert. Hvergi gera herstöðvaandstæðingar tilraun til útskýringar á eðli hersins og veru hans hér, órjúfanlegum tengslum hans við NATÓ, né hvað gerist, þegar markmiðinu verði náð – enda er þeim það alveg um megn eins og bent hefur verið á.

RAUÐI FÁNINN BANNFÆRÐUR Í GÖNGU HERSTÖÐVARANDSTÆÐINGA!

Herstöðvarandstæðingar efndu til Hafnarfjarðargöngu þ. 11. júní s.l. Slagorð göngunnar voru 3: Herinn burt! Engar herstöðvar á Íslandi! Lokum Keflavíkursjónvarpinu!
Fyrir göngunni var borinn íslenzki fáninn og merki göngunnar var prýtt íslenzku fánalitunum.

KHML tók þátt í þessari göngu undir rauðum fánum öreigastéttarinnar og merkjum alþjóðahyggjunnar þrátt fyrir formælingar og bönn forsvarsmanna göngunnar.

Með því að banna rauða fána verkalýðsstéttarinnar og vígorð í anda alþjóðahyggju öreiganna gátu herstöðvarandstæðingar ekki á betri hátt afhjúpað þann stéttargrundvöll, sem starf þeirra byggist á!



VÍETNAM ...

Stöðugir ósigrar í landhernaðinum hafa gert bandarísku heimsvaldasinnana örvinglaða. Óskir ríkisstjóra Kaliforníu (Regans) frá árinu 1968 eru að verða veruleiki. Hann sagði þá: "það eina rétta er að sprengja Víet Nam aftur á bak til steinaldar og gera allt Víet Nam að bílastæði".
Yfirlýsing þessi þótti of afturhaldssöm og ekki eftirtektarverð.
Í dag eru viðhorfin önnur. Nú eru óskir Regans að rætast. Hryðjuverkasprengingarnar, sem Nixonstjórnin setti af stað í vor, er hrottalegasta þjóðarmorð, sem heimurinn hefur orðið vitni að. Meira en helmingur sprengjuflugvéla Bandaríkjanna taka þátt í hryðjuverkunum í Víet Nam og ausa daglega farmi sínum af dauða og tortímingu yfir þjóð og land.
Í Norður-Víet Nam er kastað sprengjum jafnt á sjúkrahús sem áveitustíflur (sem eru lífsnauðsynlegar fyrir matvælaframleiðsluna), varnargarða, áveituskurði, bæi og borgir, járnbrautir, brýr, vegi o.s.frv.
Morð- og tortímingaraðferðirnar hafa fylgt framförum síðustu ára í rafeindafræðinni, þannig eru sprengjur, sem stýrðar eru af lasergeisla, notaðar til að ná sem beztum "árangri". Í skeyti frá AFP þann 15. júní segir: "Erlendir diplómatar og fréttamenn verða dag eftir dag vitni að því, hvernig amerískar flugvélar sleppa óhugnanlegu magni stórvirkra sprengja, flísasprengja, skriðdrekasprengja, fosfórssprengja og einnig gassprengja á mörk, sem ekki hafa nokkurt hugsanlegt samband við styrjaldarrekstur Víetnama.

SOVÉTRÍKIN VEITA BANDARÍKJUNUM ÞEGJANDI SAMÞYKKI.

Áður en Nixonstjórnin hóf hryðjuverkasprengingar sínar kannaði hún afstöðu heimsálitsins með beinni aðvörun til Sovétríkjanna og með því að leggja sprengjubelti í og fyrir hafnir Norður-Víet Nam.
Niðurstöður þær, sem Nixon dró af könnunum sínum, hafa augljóslega verið þær, að Víetnamar fengju enga beina hernaðaraðstoð.
International Herald Tribune skrifar í byrjun júní í þessu tilefni og vegna Moskvufarar Nixons: "Sóvéskur togari, sem í síðustu viku fylgdist náið með amerískum herskipaflota á siglingarleið fyrir ströndum Víet Nam, fékk viðvörun þess efnis, að hann nálgaðist sprengjusvæði, sem loka höfninni í Vinh í Norður-Víet Nam. Sovéska skipið breytti tafarlaust um stefnu og svaraði með merkjagjöf: 'Takk fyrir hjálpina og góða ferð'."
Atburður þessi átti sér stað daginn eftir birtingu tilkynningarinnar um samkomulag Rússa og Ameríkana í Moskvu. Í samkomulagi þessu var m. a. samþykkt um bætta samvinnu flota þessara tveggja stórvelda. Þetta kallar maður sannarlega "raunhæfa pólitík"!

FJARSTÝRT ÞJÓÐARMORÐ.

Hvað sem öðru viðkemur er sjósprengjubeltið og hryðjuverkasprengingarnar ómótmælanleg staðreynd. Það er einnig staðreynd, að Bandaríkin geta haldið áfram þjóðarmorðinu án þess að hafa nokkurn mann í Víet Nam. Frá herflugvöllum sínum í öðrum löndum Indókína og frá flugvélamóðurskipum sínum úti fyrir ströndum Víet Nam geta þeir haldið áfram útrýmingu alls lífs í Víet Nam. Hvaða not ættu Bandaríkin að hafa af þessu? gæti einhver spurt. En það er ekki höfuðatriðið. Bandaríska heimsvaldastefnan er svo aðþrengd á heimsmælikvarða af mótsetningum milli sín og annarra heimsvaldasinna og vegna frelsisbaráttu hinna kúguðu þjóða, að hún svífst einskis til að halda stöðu sinni. USA hefur hafið algjört stríð í Víet Nam, í örvinglun sinni tortíma þeir landinu án hugsunar um hvaða verðmæti verða eyðileggingunni að bráð. Á sama hátt og fasistar Hitlers skirrðust ekki við að gjöreyða borgum og bæjum í Sovétríkjunum í seinni heimsstyrjöldinni, myrða milljónir gyðinga eða jafna Varsjá við jörðu, á sama hátt þurfa heimsvaldasinnar USA ekki að sýna nein grið í þessari allsherjarstyrjöld, sem þeir hafa hafið í Indókína.
Hið gífurlega sprengjuregn bandarísku heimsvaldasinnanna á Víet Nam hefur valdið því, að á mörgum stórum svæðum er gígur við gíg og jörðin einna líkust landssvæðum á mánanum. Eitri, sem drepur fólk og gróður, er dreift yfir geysistór landsflæmi og veldur því, að ekkert líf getur þróast þar í áratugi.
Á þeim landssvæðum, þar sem sprengjurnar ekki geta fullkomlega jafnað allt við jörðu, nota heimsvaldasinnarnir stórvirk jarðvinnslutæki til að fullkomna eyðilegginguna í suðurhluta Víet Nam.

FRAMSÓKNIN ER ÓSTÖÐVANDI.

Þrátt fyrir óskaplega eyðileggingu á mannslífum og náttúru af völdum USA heimsvaldasinnanna geta þeir ekki undirokað víetnömsku alþýðuna í landhernaðinum. Sú sókn, sem þjóðfrelsisherinn hóf síðastliðið vor hefur ekki náð hámarki sínu. 15. júní s.l. tilkynnti franska fréttastofan AFP í skeyti: "Hernaðarsérfræðingur í Saigon lýsti því yfir á miðvikudaginn, að þjóðfrelsishreyfingin (FNL) hefði undanfarinn sólarhring framkvæmt fleiri árásir gegn stöðvum Saigonhersins en nokkru sinni áður síðan sóknin var hafin fyrir 77 dögum. Að sögn hernaðarsérfræðings þessa höfðu komið tilkynningar um 74 stórskotaliðsárásir, sem sagt var hið mesta hingað til. Samanlagt höfðu borizt tilkynningar um 110 'fjandsamlegar aðgerðir'."
Sigrar frelsisherjanna í landhernaðinum eru svo árangursríkir, að þeir þurfa ekki að grípa til áskorunar þeirrar, sem beint var til öreiga allra landa, og birtist í yfirlýsingu þeirra 22. marz 1965, en þar segir: "Ef bandarísku heimsvaldasinnarnir halda áfram að senda herlið til Suður-Víet Nam, hvort sem um er að ræða amerískar hersveitir eða hersveitir leiguþýs þeirra, og halda áfram að breiða út stríðið til Norður-Víet Nam og Laos, þá mun þjóðfrelsishreyfing Suður-Víet Nam skora á alþýðu allra landa að senda ungt fólk og hermenn til Suður-Víet Nam og sameinast alþýðunni þar og gjöreyða hinum sameiginlega fjandmanni."

ALÞÝÐA VÍET NAM VERÐUR AÐ FÁ FULLKOMNARI VOPN.

Það er augljóst, að hið mikilvægasta í frelsisstríðinu eru manneskjurnar og að vopnin eru næst mikilvægust vegna þess að það eru manneskjurnar, sem stjórna vopnunum. Þetta hefur verið vegvísir alþýðunnar í Víet Nam í hinni sigurríku frelsisbaráttu hennar gegn bandarísku heimsvaldastefnunni og viðurstyggilegum morðvopnum hennar. Og það er einnig jafn ljóst, að gegn óvini, sem ekki er lengur í landinu, heldur stjórnar sprengjuárásum frá herflugvöllum í nágrannalöndum Víet Nam, þarf önnur vopn, en Víet Namar hafa haft yfir að ráða.

Mjög mikilvægt hernaðarlegt höfuðmarkmið er að geta lamað óvininn áður en honum hefur tekizt að nota eyðileggingarvopn sín (sbr. "sigur" Ísraels yfir flugflota Egypta).
Vitað er, að þau lönd, sem segjast styðja alþýðu Víet Nam, hafa yfir að ráða vopnum af þessari gerð, vopnum, sem gætu útrýmt flugvélamóðurskipunum og herflugvöllum í Indókína. Það er aðeins tímaspursmál hve lengi er hægt að halda þessum vopnum frá Norður-Víet Nam, ef þeir sem ráða yfir þessum vopnum eiga samtímis að geta sagzt styðja alþýðu Víet Nam.

ALÞJÓÐAHYGGJA ÍSLENZKRA ÖREIGA Í DAG: BYLTINGARSINNAÐ NÁMSSTARF!

Hvernig getum við bezt skilið þá baráttu, sem háð er í Víet Nam? Slíkur skilningur er því miður ekki meðfæddur. Aðeins með því að lesa og læra, hefja skipulagt nám í þjóðfélagsvísindum þeim, sem Marx og Engels lögðu grundvöllinn að fyrir öld síðan, getum við komizt að sannleikanum um auðvaldsskipulagið og þau lögmál, sem því stjórna, sem og þá leið, sem ein er möguleg fyrir frelsun alls verkalýðs undan klafa arðráns og kúgunar, leið byltingarinnar.

ÖREIGAR OG KÚGAÐAR ÞJÓÐIR SAMEINIZT Í BARÁTTUNNI GEGN HEIMSVALDASTEFNUNNI!

Hvar ber að hefjast handa?

V.I. Lenín



Þessi grein Leníns var fyrst birt 15. maí 1901. Í henni leggur hann fyrstur manna fram hlutstæða áætlun fyrir uppbyggingu hins kommúníska byltingarflokks. Þessi áætlun vex síðan og þróast í bók hans "Hvað ber að gera?" sem kom út í febrúar 1902. Þessi áætlun óx fram í baráttu við hentistefnumenn þeirra tíma – mensjevíkana og ökónómistana, baráttu, sem Lenín leiddi. Í dag þegar KHML hefur sett sér verkefnið að leiða uppbyggingarstarfið fyrir stofnun kommúnistaflokks á Íslandi er "Hvar ber að hefjast handa?" af geysilegri þýðingu fyrir það starf. Við verðum að fara þá leið, sem Lenín vísaði, og byggja flokkinn eftir hinum lenínísku grundvallarreglum. Við verðum að heyja miskunnarlausa baráttu gegn hentistefnunni í hverri mynd, sem hún birtist, annars mun okkur ekki takast að byggja upp flokk, sem verður verkefnum sínum vaxinn – að leiða öreigastéttina til sigurs yfir borgarastéttinni í stéttabaráttunni!

Undanfarin ár hefur spurningin "Hvað ber að gera?" leitað á rússneska sósíaldemókrata með síauknum þunga. Spurningin er ekki (eins og á ofanverðum 8. og öndverðum 9. áratugnum) um hvaða leið skuli valin, heldur hvaða starfræn skref eigi að stíga á þeirri braut, sem við þekkjum og hvernig þau skuli stigin. Hér er um að ræða spurninguna um heildarskipulagningu starfssviðsins. Og það verður að viðurkennast, að þetta undirstöðuatriði í skipulagningu flokks, sem starfar á raunhæfum grundvelli, spurningin um eðli og aðferðir baráttunnar, er ennþá óleyst af okkar hálfu og veldur enn alvarlegum deilum, er bera vott um raunalegan hugmyndafræðilegan óstöðugleika og óvissu. Annars vegar er "ökónómíska" stefnan, er reynir að takmarka sem mest pólitísku skipulagninguna og áróðursstarfsemina, síður en svo útdauð. Hins vegar hefur, nú sem fyrr, hin stefnulausa úrvalsstefna (eklekticismi) höfuð sitt til skýjanna, apandi eftir sérhverri nýrri "hræringu", án þess að geta greint á milli augnabliksþarfa og höfuðverkefna allrar hreyfingarinnar og stöðugra þarfa. Þessi stefna hefur, eins og við vitum, búið sér hreiður í blaðinu Rabotjeje Djelo. Síðasta "stefnuyfirlýsing" þess – hástemmd grein undir hinni hástemmdu fyrirsögn "Söguleg þáttaskil" (Listok Rabotjeje Djelo, nr. 6) – sýnir sérstaklega vel þessi einkenni. Það er ekki lengra síðan en í gær, að daðrað var við "ökónómísmann", verið með vonzku yfir því hve Rabotjaja Mysl var fordæmt ákveðið og "milduð" afstaða Plechanovs til spurningarinnar um baráttuna gegn harðstjórn. Í dag er vitnað í orð Liebknechts: "Ef aðstæðurnar breytast á einum sólarhring, verðum við einnig að breyta um taktík á einum sólarhring". Það er strax farið að tala um "öflug baráttusamtök" til beinna árása, skyndiáhlaupa á harðstjórnina, um "víðtæka byltingarsinnaða og pólitíska áróðursstarfsemi meðal fjöldans" (nú kastar fyrst tólfunum – bæði byltingarsinnuð og pólitísk!), um að "sífellt mótmæla á götum úti", um að "skipuleggja mótmælagöngur, sem eru rækilega (sic!) pólitískar að eðli" o.s.frv., o.s.frv.

Við ættum e.t.v. að lýsa yfir ánægju okkar með hve Rabotjeje Djelo hefur átt auðvelt með að gera þá áætlun, sem lögð var fram í fyrsta tölublaði Ískra, að sinni, og fjallaði um stofnun skipulagðs flokks, sem hefði ekki aðeins að markmiði að vinna smásigra, heldur hertaka sjálft höfuðvígi harðstjórnarinnar, en sú staðreynd, að þeir, sem gert hafa þessa áætlun að sinni, hafa enga ákveðna afstöðu, er hins vegar til þess fallin að deyða sérhvern ánægjuvott.

Nafni Liebknechts veifar Rabotjeje Djelo að sjálfsögðu árangurslaust. Á einum sólarhring er hægt að breyta taktíkinni við áróðursstarf á einhverju ákveðnu sviði, taktík við framkvæmd einhvers þáttar í skipulagningu flokksins, en að takast á 24 klukkustundum – jafnvel þótt um væri 24 mánuði að ræða – að skipta algjörlega um skoðun á því, hvort yfirleitt sé nauðsynlegt, hvort ætíð og skilyrðislaust sé nauðsynlegt að starfa sem baráttusamtök og reka pólitíska áróðursstarfsemi meðal fjöldans, er þeim einum fært, sem enga ákveðna afstöðu hafa. Það er heimskulegt að bera fyrir sig ólíkar aðstæður og breytilega tíma. Það verk, að skapa baráttusamtök og reka pólitíska áróðursstarfsemi, er skylda, sem inna verður af hendi sérhverja stund, meira að segja í grámyglu hversdagsleikans og á þeim tímum, er "byltingarandinn" hefur hafnað niður í öldudal. Ekki nóg með það. Einmitt við þessar aðstæður er fyrrnefnt verk sérstaklega nauðsynlegt, því á þeirri stundu, sem upp úr sýður og átök hefjast, er um seinan að mynda samtök. Þau verða þá að vera til, reiðubúin að auka starfssvið sitt. "Breyta um taktík á einum sólarhring!" Til þess að hægt sé að breyta um taktík verður hún að vera til. Séu ekki til öflug samtök, sem eru hert í pólitískri baráttu við allar aðstæður og á breytilegum tímum, þá er ekki hægt að tala um hina kerfisbundnu starfsáætlun, sem stjórnast af fastákveðnum grundvallarhugmyndum og er framkvæmd hnökralaust – aðeins slík starfsáætlun er þess verð að kallast taktík. Hyggjum vel að: nú er sagt, að hið "sögulega augnablik" hafi lagt fram "spánnýja" spurningu fyrir flokk okkar – spurninguna um hryðjuverk. Í gær var það spurningin um pólitíska skipulagið og áróðurinn, sem var "spánný", en í dag er það spurningin um hryðjuverkin. Er ekki einkennilegt að hlusta á fólk, sem í svo ríkum mæli hefur gleymt fortíð sinni, tala um grundvallarbreytingar á taktíkinni?

Sem betur fer skjátlast Rabotjeje Djelo. Spurningin um hryðjuverk er alls ekki ný af nálinni og það nægir í því sambandi að minnast stuttlega á hefðbundnar skoðanir rússneskra sósíaldemókrata.

Í samræmi við grundvallarsjónarmið okkar höfum við aldrei og getum aldrei afneitað hryðjuverkum. Þau eru ein þeirra hernaðaraðgerða, sem geta verið fyllilega réttmæt og meira að segja nauðsynleg á vissri stundu bardagans, þegar visst ástand ríkir meðal liðsins og við vissar aðstæður. En aðalatriðið er einmitt, að eins og málum er nú komið, er hryðjuverkunum ekki beitt sem þætti í aðgerðum stríðandi hers, þætti, sem er órofa tengdur heildarskipulagi baráttunnar. Þeim er þess í stað beitt sem sjálfstæðu afli til einstakra árása án nokkurra tengsla við nokkurn her. Meðan ekki eru til miðstýrð byltingarsamtök og hin staðbundndu samtök eru vanmátta geta hryðjuverkin aldrei orðið annað. Þess vegna segjum við ákveðið, að slíkar baráttuaðferðir við fyrrgreindar aðstæður séu ótímabærar og nái ekki tilgangi sínum, þær beina baráttuglöðustu einstaklingunum frá mikilvægustu verkefnum sínum og samtakanna sem heildar. Þær skapa glundroða í röðum byltingarmanna, en ekki stjórnarliðsins. Hugsum til síðustu atburða: við sjáum hvernig verkamannafjöldinn og "almenningur" í borgunum er gripinn baráttuham, á sama tíma og byltingarsinna vantar forystusveitir leiðtoga og skipuleggjenda. Er ekki hætta á við slíkar aðstæður, ef áköfustu byltingarsinnarnir leiðast til hryðjuverka, að þá veikist þeir baráttukraftar, sem helzt er á að byggja? Er ekki í þessu falin hætta á, að sambandið rofni milli byltingarsamtakanna og sundraðs fjölda þeirra, sem eru óánægðir og í mótmælahug, eru reiðubúnir til baráttu, en lítilsmegandi vegna innbyrðis sundrungar? En það er einmitt þetta samband, sem er eina tryggingin fyrir sigri okkar.

Sú hugsun, að afneita mikilvægi hinna einangruðu hetjudáða, liggur okkur fjarri, en það er skylda okkar að vara sterklega við því að láta leiðast af hryðjuverkunum, segja þau vera mikilvægustu baráttuaðferðina, þá aðferð, sem úrslitum ráði, eins og margir vilja nú vera láta. Hryðjuverk geta aldrei orðið daglegur þáttur hernaðarátaka: þegar bezt lætur verða þau aðeins einn þáttur úrslitaáhlaupsins. En getum við nú í dag hvatt til slíks áhlaups? Rabotjeje Djelo telur greinilega, að við getum gert það, a.m.k. hrópa þeir: "Skipuleggist í árásarsveitir!" En þar ræður fremur óskhyggja en skynsemi. Mestur hluti baráttuliðs okkar eru sjálfboðaliðar og uppreisnarmenn. Fastaher okkar er aðeins nokkrar fámennar deildir og þær eru heldur ekki herværddar, eru ekki tengdar hver annarri, hafa ekki reynslu til að mynda neins konar hersveitir, hvað þá áhlaupssveitir! Við slíkar aðstæður hlýtur það að vera ljóst hverjum og einum, sem getur séð hin almennu skilyrði baráttu okkar í heild sinni, og sem ekki gleymir þeim við hver "tímamót" í atburðarás sögunnar, að vígorð okkar getur ekki verið "til áhlaups", heldur hlýtur að vera: "Skipuleggið umsátur um vígi óvinarins á réttan hátt". M.ö.o.: Það getur ekki verið höfuðverkefni flokks okkar nú að hvetja alla krafta til árásar, heldur hvetja þá til að mynda skipulögð byltingarsinnuð samtök, sem geta safnað saman öllum kröftum og leitt hreyfinguna, ekki aðeins í orði, heldur einnig í verki, þ.e.a.s. vera ætíð tilbúin að styðja sérhverja mótmælaaðgerð, sérhvert uppþot, um leið og við notum þessar aðgerðir til að auka og styrkja þau baráttuöfl, sem munu sigra í úrslitaátökunum.

Reynslan af atburðunum í febrúar og marz er svo eftirminnileg, að varla er hægt að finna nein rök gegn slíkri niðurstöðu. En það, sem við verðum að gera nú, er ekki að leysa spurninguna á almennan hátt, heldur starfrænt. Krafan er ekki aðeins að gera sér ljóst hvaða skipulögð samtök eru nauðsynleg og hvert starf þeirra er – nú verðum við að vinna fasta skipulagsáætlun, svo að við getum byrjað uppbyggingarstarfið frá öllum hliðum. Með það í huga, að ekki er hægt að geyma þessa mikilvægu spurningu, er ákveðið af okkar hálfu, að félagarnir fái uppkast að skipulagsáætlun, er við höfuð þróað betur í bæklingi, sem er í undirbúningi til prentunar.

Samkvæmt skoðun okkar verður fyrsti þáttur starfs okkar, fyrsta starfræna skrefið til að mynda samtökin og að lokum það leiðarljós, sem við verðum óhagganlega að fara eftir til þess að geta þróað, dýpkað og víkkað þessi samtök, að vera að stofna rússneskt pólitískt blað, sem dreift er um allt landið. Fyrst og fremst þurfum við á blaði að halda – annars er okkur ókleift að breiða út hinn stefnufasta og alhliða áróður og áróðursstarfsemi, sem er hið stöðuga hlutverk og höfuðverkefni sósíaldemókrata almennt séð, en er sérstaklega tímabært nú, þegar áhugi fyrir pólitík og kenningum sósíalismans hefur vaknað meðal ólíkustu þjóðfélagshópa. Og aldrei fyrr hefur það verið eins nauðsynlegt og nú að fullkomna hina sundurlausu áróðursstarfsemi, sem nú er í formi persónulegra áhrifa, staðbundinna flugblaða, bæklinga o.s.frv., með hinni almennu og reglubundnu áróðursstarfsemi, sem aðeins er framkvæmanleg með reglubundinni útgáfu blaðs. Það er varla ofmælt, að blað (og dreifing þess), hversu oft og reglulega sem það kemur út, getur þjónað sem nákvæmur mælikvarði á hve traustlega við höfum byggt upp þetta grundvallar- og höfuðstarf baráttu okkar í dag. Ennfremur þurfum við blað fyrir allt Rússland. Ef við getum ekki, eða svo lengi sem við getum ekki haft áhrif á alþýðuna og stjórnina með hinu prentaða orði er það einskær draumsýn að halda, að við getum haft áhrif með öðrum flóknari og erfiðari aðferðum, sem um leið eru ákveðnari. Jafnt hugmyndafræðilega sem starfsskipulagslega líður hreyfing okkar fyrst og fremst fyrir eigin sundrung, vegna þess að mikill meirihluti sósíaldemókrata er næstum algjörlega upptekinn af staðbundinni vinnu, sem þrengir sjóndeildarhring þeirra og starfsorku sem og þolgæði þeirra og reynslu við undirróðursstarfsemina. Einmitt í þessari sundrung er að leita dýpstu róta óstöðugleikans og óvissunnar, sem fyrr var getið. Og að koma á fót blaði fyrir allt Rússland hlýtur að vera fyrsta skrefið á þeirri leið að ganga milli bols og höfuðs á þessum galla ásamt því að sameina fjölda staðbundinna hreyfinga um eitt pólitískt blað, sem hefði útbreiðslu um landið allt. Pólitísk hreyfing, sem undir nafni stendur, er nú á dögum óhugsandi hvar sem væri í Evrópu öðruvísi en hún gefi út pólitískt málgagn. Án slíks málgagns er gersamlega ókleift að framkvæma hlutverk okkar: að þjappa saman öllum pólitískum óánægju- og mótmælaöflum til eflingar hinni byltingarsinnuðu hreyfingu öreigastéttarinnar. Við höfum stigið fyrsta skrefið, við höfum vakið ástríðuþrunginn áhuga verkalýðsstéttarinnar á að fletta ofan af "ökónómískum" misfellum í verksmiðjunum. Við verðum að stíga næsta skrefið, að vekja meðal allra þeirra þjóðfélagshópa, sem einhverja stéttarmeðvitund hafa, ástríðu til að fletta ofan af pólitískum misfellum. Við megum ekki láta hugfallast, þótt þær raddir, sem bera fram pólitískar ásakanir í dag, séu veikburða, fáheyrðar og hikandi. Orsök þess er alls ekki sú, að fjöldinn hafi gert sér að góðu ofríki lögreglunnar. Orsökin er sú, að þeir, sem geta og eru reiðubúnir til að fletta ofan af og ákæra, hafa engan vettvang til að tala á og engan áheyrendur, sem ástríðufullir hlusta á ræðumennina og hvetja þá; að þeir sjá ekki meðal alþýðunnar nokkurt það afl, sem væri þess virði að skjóta ákærum sínum gegn hinni "almáttugu" rússnesku stjórn til. En nú breytist þetta allt með leifturhraða. Slíkt afl er fyrir hendi: hin byltingarsinnaða öreigastétt, sem nú þegar hefur sýnt, að hún er ekki aðeins reiðubúin að hlusta á og styðja áskorunina um pólitíska baráttu, heldur er einnig tilbúin að kasta sér með hugrekki út í baráttuna. Nú erum við reiðubúnir og skyldugir til að skapa vettvang, þar sem við getum flett ofan af keisarastjórninni frammi fyrir alþýðunni; – slíkur vettvangur verður málgagn rússneskra sósíaldemókrata að vera. Andstætt öðrum stéttum og hópum í rússneska þjóðfélaginu sýnir rússneska verkalýðsstéttin stöðugan áhuga á pólitískri þekkingu og hún sýnir stöðugt (og ekki aðeins á óróleikatímum) áhuga á bönnuðum bókmenntum. Með tilliti til þessarar fjöldaeftirspurnar, þeirrar menntunar þjálfaðra byltingarleiðtoga, sem hafin er, með hliðsjón af samþjöppun verkalýðsstéttarinnar, sem gerir hana að eiginlegum stjórnanda í verkamannahverfum stórborganna, í iðnaðarhéruðunum og á verksmiðjusvæðunum, er útgáfa pólitísks blaðs verkefni, sem öreigastéttin er fyllilega fær um að vinna. Frá öreigunum mun blaðið berast í hendur smáborgarastéttarinnar í borgunum, handverksmannanna og bændanna í dreifbýlinu og verða þannig raunverulegt pólitískt blað alþýðunnar.
Hlutverk blaðsins er ekki aðeins að miðla hugmyndum, ekki aðeins að veita pólitíska fræðslu og vinna pólitíska bandamenn. Blaðið er ekki aðeins sameiginlegt útbreiðslutæki og sameiginlegt áróðurstæki, það er einnig tæki til sameiginlegrar skipulagningar. Að þessu leyti má líkja því við vinnupalla, sem reistir eru umhverfis hús í byggingu. Þeir afmarka útlínur hússins, auðvelda þeim, sem vinna við bygginguna að vinna saman, gera þeim kleift að skipta með sér verkum og fá heildarsýn yfir árangurinn af hinni skipulögðu vinnu. Með hjálp blaðsins og í sambandi við það munu af sjálfu sér þróast varanleg samtök, sem ekki aðeins sinna staðbundnum verkefnum, heldur einnig reglubundnum almennum störfum og kenna með-

limum sínum að fylgjast af athygli með pólitískum atburðum, meta þýðingu þeirra og áhrif á hina ýmsu þjóðfélagshópa og auk þess skapa haldgóðar aðferðir fyrir hinn byltingarsinnaða flokk til að hafa áhrif á þessa atburði. Tæknilega hliðin ein – að sjá blaðinu reglulega fyrir efni og annast dreifingu þess – gerir nauðsynlegt að koma upp neti staðbundinna starfsmanna sameinaðs flokksins um landið þvert og endilangt, starfsmanna, sem hafa lifandi samband sín á milli, þekkja til hins almenna ástands, temja sér að framkvæma reglubundið hin ýmsu störf rússneska flokksins og reyna krafta sína í skipulagningu ýmissa byltingarsinnaðra aðgerða. Þetta starfsmannanet 1) mun mynda meginstoðina í þeim skipulögðu samtökum, sem okkur vantar: nægilega stór til að ná til alls landsins; nægilega víðfeðm og fjölþætt til að geta komið á strangri og sundurliðaðri verkaskiptingu; nægilega stefnuföst til að geta haldið áfram starfi sínu hindrunarlaust við allar aðstæður, á öllum "tímamótum" og þegar óvænt atvik gerast; nægilega þjál til að geta annars vegar komizt hjá beinum átökum við liðssterkari andstæðing, þegar hann beitir öllu afli sínu að einu takmarki, og hins vegar að geta notfært sér stirðbusahátt andstæðingsins og ráðist gegn honum þar og þegar hann á sízt von árásar. Nú í dag stöndum við andspænis hinu tiltölulega auðvelda hlutverki að styðja stúdenta í kröfugöngum þeirra á götum stórborganna. Á morgun verður verkefni okkar e.t.v. örðugra, t.d. að styðja hreyfingu hinna atvinnulausu á einhverju tilteknu svæði og þar næsta dag að vera á varðstöðum okkar til þess að gegna hlutverki okkar í byltingarsinnaðri bændauppreisn. Í dag verðum við að nýta okkur hið skerpta pólitíska pólitíska ástand, sem er afleiðing herferðar stjórnarinnar gegn Zemstovhreyfingunni. Á morgun getum við þurft að styðja beizkju alþýðunnar gagnvart einhverjum hömlulausum ofsóknum keisarans og með skipulögðu afskiptaleysi (bojkott), áróðursstarfsemi og kröfugöngum verðum við að hjálpa til við að gefa honum þannig lexíu, að hann neyðist til þess að láta af þessum ofsóknum. Slíku stigi baráttuundirbúnings er aðeins hægt að ná með því að vera stöðugt virkur eins og reglulegur her. Og ef við sameinum kraftana til að gefa út sameiginlegt blað mun þetta starf ekki aðeins draga fram í dagsljósið beztu áróðursmennina, heldur einnig hæfustu skipuleggjendurna, hæfustu pólitísku flokksleiðtogana, sem geta á réttu augnabliki gefið réttu vígorðin fyrir úrslitaátökin og tekið að sér að leiða þau.

Að lokum nokkur orð til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning. Við höfum hér talað um kerfisbundinn, gagnhugsaðan undirbúning, en þar með er alls ekki sagt, að aðeins sé hægt að kollvarpa harðstjórninni með skipulögðu umsátri eða áhlaupi. Slík skoðun væri þröngsýni og kreddufesta Það er þvert á móti fullkomlega mögulegt og sögulega séð miklu líklegra, að harðstjórnin muni falla í einhverri hinna sjálfsprottnu uppreisna eða fyrir ófyrirsjáanlegum pólitískum flækjum, sem stöðugt ógna henni frá öllum hliðum. En enginn pólitískur flokkur, sem vill forðast ævintýramennsku, getur byggt starfsemi sína á að bíða eftir slíkum uppreisnum og pólitískum flækjum. Við verðum að fara okkar eigin leið og við verðum að halda skipulögðu verki okkar áfram af staðfestu og því minna sem við treystum á hið óvænta, því minni er möguleikinn á að við látum glepjast af einhverjum "sögulegum tímamótum".

1) Það segir sig sjálft, að þessir starfsmenn geta aðeins náð árangri í starfi sínu, ef það skilyrði er uppfyllt, að þeir standi í sem nánustum tengslum við stjórnarnefnd flokksins á staðnum (starfshópa, leshringi). Sú áætlun, sem hér hefur verið lögð fram, er reyndar því aðeins hugsanleg í framkvæmd, að hún fái beztu hugsanlegu undirtektir og stuðning stjórnarnefndanna, er hafa oftar en einu sinni gert gangskör að því að sameina flokkinn og sem – um það erum við vissir – mun takast sú sameining fyrr eða síðar, í þessu eða einhverju öðru formi.



Um hentistefnuna framhald af baksíðu

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ OG FRÆÐIKENNINGIN.

Alþýðubandalagið hefur hafnað fræðikenningu marxismans-lenínismans allt frá upphafi. Afstaða þess kemur óvenju skýrt fram í eftirfarandi orðum í Kúbubók Magnúsar Kjartanssonar (bls. 109):

"Þjóðfélagsbyltingar gerast með margvíslegu móti, og margar kenningar eru uppi um það hvernig verkalýðsstéttin eigi að haga baráttu sinni til þess að koma á sósíalisma. En byltingin á Kúbu staðfestir þau gömlu sannindi að jafnvel hinar hugvitsamlegustu og djúpvitrustu fræðikenningar verða litlausar hjá hinu græna tré veruleikans." Magnús er hrifinn af því, að "uppreisnarmennirnir á Kúbu...voru raunsæismenn (!) sem gengu að verkefnum sínum án heilsteyptrar fræðikenningar, leystu vandamálin á heiðarlegan hátt (?) jafnóðum og þau bar að höndum og óttuðust ekki sósíalismann (!!) fremur en annað (!!!) þegar hann reyndist lausnin á viðfangsefnum þeirra." (Ath.semdir mínar).

"Sósíalista"-klíkan hafnar fræðikenningunni ekki alltaf jafn-"heiðarlega" og hér. Henni liggur á að halda verkalýðsstéttinni í skefjum með því að þykjast vera að vinna fyrir hana og verður því oft að gera "sósíalíska samþættingu" úr alræðishugmyndum borgaranna. Og þeir hafa oft gert sér góðan mat úr vísindum sósíalismans, vegna þess að þau hafa ekki enn fest rætur með íslenzkri öreigastétt. "Við skulum ekki gleyma," segir Stalín, "að borgaralegu hugmyndafræðingarnir fljóta ekki sofandi að feigðarósi. Þeir apa eftir sósíalistunum á sinn hátt og reyna af mætti að fjötra verkalýðsstéttina í borgaralegar hugmyndir."

Íslenzku endurskoðunarsinnarnir voru skiljanlega iðnari framan af við að réttlæta stéttsvik sín með afskræmdri fræðikenningu – meðan þeir voru að búa um sig í valdakerfi borgaranna og herða kverkatakið á verkalýðsstéttinni. Þróunin frá Sósíalistaflokki til Alþýðubandalags er fremur útþynning í orði en verki, því að Sósíalistafl. vann ekki síðri verk fyrir borgarastéttina en AB, sbr. nýsköpunarstjórnina. En jafnan hafa þeir gripið til "sósíalískrar samþættingar", þegar á þarf að halda.

Tökum tvö dæmi af handahófi um árangurinn, þegar samfylkingarhetjurnar leita á náðir fræðikenningarinnar.

Nýsköpunarstjórnin er eitt grófasta dæmi sem til er um það, sem sósíalistaflokkur leyfir sér að gera kinnroðalaust og kallar sig enn marxískan. Leiðtogar öreigabyltingarinnar hlupu til helztu kapítalista landsins og buðu þeim stéttasamvinnu um skiptingu stríðsgróðans. Kapítalistarnir breiddu út faðminn – en hvað gat verkalýðsforystan sagt við verkamenn? Fyrst talaði brjóstvitið og sagði skjálfandi röddu: "nú þarf að verða þjóðareining", því að "nýtt stéttastríð gæti riðið þjóðinni (?) að fullu". (Einar Olgeirsson) Það er ekki nýtt, að skrifborðskommar verði hræddir, þegar stéttabaráttan harðnar. Marxistar-lenínistar vita hins vegar, að það er frumskylda hvers öreigaflokks að hagnýta byltingarástand til að herða stéttabaráttuna. – Þá sagði forystan í sakleysi sínu, að með því að auðvaldið leyfði verkalýðsforystunni að stíga í ráðherrastóla færi ekki hjá því, að vaxa myndi "skilningur þjóðarinnar (svo!) á sannindum sósíalismans og gildi stéttabaráttunnar." (Sigfús Sigurhjartarson). – Illa hreif þetta, svo að nú var rótað í fræðunum og fullyrt, að með stéttasamvinnunni mætti "koma á svo stórvirkri tækni í atvinnuvegunum, að það ætti aldrei framar að þurfa að verða atvinnuleysi á Íslandi". (Einar Olgeirsson). Marxistar-lenínistar vita hins vegar, að það er einmitt þessi "stórvirkna tækni", sem leiðir til samþjöppunar fjármagns, offramleiðslu og atvinnuleysis, þ.e.a.s. í auðvaldsþjóðfélagi.

– Að lokum var stéttsvikunum komið upp á Karl Marx með "snilldarbragði" og sagt: ""Nýsköpunar"-hugmyndir Sósíalistaflokksins 1944 áttu beinlínis rót sína að rekja til skilnings marxista á grundvallargildi framleiðslutækjanna fyrir mannlegt þjóðfélag." (Einar Olgeirsson: Marx og marxisminn). "Snilldarbragðið" felst í því að gera borgarastéttina að "mannlegu þjóðfélagi" yfirleitt, því að Marx segir í Auðmagninu: "Með degi hverjum verður ljósara, að framleiðsluafstæðurnar, sem marka borgurunum svið, eru ekki samstæðar, heldur hafa tvö andstæð skaut; að þær sömu afstæður sem skapa auðinn skapa og eymdina; að við þær sömu afstæður, sem leysa framleiðsluöflin úr læðingi, þar vex einnig kúgunarvaldið..."

Hvaða skilning hefur AB á ástandinu í heiminum í dag og þróun stéttabaráttunnar? Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því, hvaða öfl eru framsækin á hverjum stað og stund og hver eru hætt að vera það, m.ö.o. að átta sig á móthverfunum. Höfuðmóthverfan í öllum heiminum er móthverfan milli kúgaðu þjóðanna og heimsvaldastefnunnar og er sú móthverfa einnig höfuðmóthverfa sérhverrar kúgaðrar þjóðar. En í löndum heimsvaldastefnunnar er höfuðmóthverfan milli verkalýðsstéttarinnar og borgarastéttarinnar og er það grundvallarmóthverfa heimsvaldastefnunnar, sem allar aðrar móthverfur eru sprottnar úr.

Þegar Magnús Kjartansson leggur að jöfnu baráttu víetnömsku þjóðarinnar við heimsvaldastefnuna og útfærslu íslenzka útgerðarauðvaldsins á einokunarsvæði sínu, hlýtur hann að ganga út frá því, að hér búi kúguð borgarastétt (sem hann vill rétta við) – þó að sannleikurinn sé sá, að íslenzk borgarastétt búi við pólitískt og að langmestu leyti einnig efnahagslegt sjálfstæði. – Þjóðviljinn sýndi í leiðara hina hliðina á rugluspekinni. Hann botnar ekkert í því, hvernig "jafnvel aldagömul lýðræðishefð Bandaríkjanna er látin víkja fyrir hagsmunum einræðisaflanna." (11.2.'72). Langt er nú orðið í vísindalega landvinninga Marx, Leníns og fleiri, sem sýndu fram á, að ofbeldi, einræði og kúgun eru eðlileg einkenni á kapítalismanum á hæsta stigi hans, heimsvaldastefnunni.

Hvað hefur það í för með sér, að AB hafnar fræðikenningunni og leysir í þess stað "vandamálin á heiðarlegan hátt jafnóðum og þau ber að höndum"? Ekki minna en það, að helzta vopn öreiganna, marxisminn-lenínisminn-hugsun Maós Tsetungs, er slegið úr hendi öreigastéttarinnar og hún er skilin eftir berskjölduð og opin fyrir borgaralegri hugmyndafræði inn í innstu raðir. Aðeins með vísindum sínum er verkalýðsstéttinni kleift að skilja söguþróunina og losna undan klafa auðvaldsins. Marxisminn-lenínisminn er leiðsögn í stéttabaráttunni, en sprettur ekki upp í henni sjálfri sjálfkrafa. Byltingar verða vissulega einnig án fræðkenninga til leiðsagnar, eins og Stalín bendir á: "Einhvern tíma seint og um síðir hlýtur efnahagsþróunin að leiða öreigastéttina til þjóðfélagsbyltingar og þvinga hana þar af leiðandi til að slíta öllum tengslum við borgaralegu hugmyndafræðina. Raunin er bara sú, að þessi leið verður mjög löng og kvalafull."

Alþýðubandalagið leiðir ekki valdatöku verkalýðsins á Íslandi eða flýtir henni, heldur stuðlar þvert á móti að því að gera leiðina "langa og kvalafulla".

17. júni i Hjo i Svíþjóð var gróðabrask

Íslendingafélögin í Gautaborg, Stokkhólmi, Malmö og Osló komu sér saman um, að nú skyldi haldið upp á "þjóð"-hátíðardaginn á eftirminnilegan hátt (en hvað formenn Íslendingafélaganna hefðu komið sér saman um sýndi sig á fundi, sem við höfðum með mótstjórninni á staðnum, þar sem hver höndin var uppi á móti annarri).
Í fundarboði voru loftkastalar byggðir, öllu fögru var lofað, nógur matur; hangiket, svið, lifrapylsa, gos, öl, vín, pylsur, kex, sígarettur... allt átti þetta að vera á kostnaðarverði.
En fyrir þá 400 mótsmeðlimi, sem mættu á staðnum, varð reyndin önnur. Algjört skipulagsleysi blasti við, þar sem fram fór gróðabrask nokkurra einstaklinga, er hugðu gott til glóðarinnar að raka saman allt það fé sem mögulegt var.

Á staðnum mættum við marxistar-lenínistar og settum upp bókaborð, þar sem við höfðum til sölu bækur og blöð verkalýðsins, blöð og bæklinga frá KFMLr og málgagn okkar, Stéttabaráttuna. Við dreifðum flugblaði meðal mótsmanna, sem fékk góðar móttökur flestra.
Innihald flugblaðsins kom illilega við kaunin á þjóðernissinnuðum ofstækismönnum, en einn þeirra beit á jaxlinn og skundaði að bókaborði okkar, en þar tapaði hann öllu valdi á skapi sínu. Hann sagði eitthvað á þessa leið: haldið þið að þetta sé þjóðhátíðardagur Rússa? Ef þið hættið ekki með góðu strax þá næ ég í lögguna. Eftir árangurslausa orðasennu trítlaði gagnbyltingarmaðurinn á fund mótstjóra (sem sat innandyra og burðaðist við að setja saman setningarræðu, þegar hálftími var liðinn fram yfir áætlaða setningu mótsins). Gagnbyltingarmaðurinn krafðist þess af mótstjóra, að hann ræki okkur af mótssvæðinu að öðrum kosti myndi hann ásamt fleira fólki hverfa af mótinu.



Stéttabarátta á 17. júní: Þjóðernissinnaðir ofstækismenn hóta kommúnistum brottrekstri af "hátíðarsvæðinu".

Mótstjóri tók þessari kröfu fasistans feginshendi, en rauðu fánarnir, sem blöktu fagurlega í golunni, særðu greinilega borgaralegar tilfinningar hans. Nú komu þeir þrír út illir á brún, mótstjóri og tveir þjóðernissinnaðir ofstækismenn og skipuðu okkur að taka saman og hverfa á brott ella skyldu þeir sjá til þess, að það efni, sem við höfðum meðferðis, yrði brennt og eyðilagt. Úr þessu varð harkaleg orðasenna og margt fólk safnaðist saman og tók þátt í umræðunum. Í þessum hópi mátti greina þrjá ólíka hópa: einn var þjóðernissinnaðir ofstækismenn, sem kröfðust þess, að við hyrfum af staðnum, áður en við eyðilegðum "skemmtunina". Annar var hópur, sem sagðist vera sammála pólitík okkar, en taldi ekki það væri rétta tækifærið að hafa pólitískan áróður í frammi á sjálfum þjóðhátíðardegi Íslendinga. Þeir vildu vera stikkfrí í stéttabaráttunni þessa helgi. Þriðji hópurinn voru þeir, sem studdu okkur og töldu það lítið lýðræði, að ekki mætti tala máli verkafólks á þessum degi. Einn þeirra, sem var mjög harður í umræðunum, benti á þjóðernissinnuðu ofstækismennina og sagði: Þið eruð ekkert annað en fasistar, ykkar líka mátti sjá á götum Reykjavíkur á 4. áratugnum marsérandi með hakakrossinn.

Að lokum var ákveðið að halda fund með mótstjórninni um hvernig bæri að leysa deilurnar.
Á fundinum komum við með þá tillögu að láta mótsmenn sjálfa kjósa um hvort við héldum áfram að reka áróður eða hættum, skyldi hvor aðili fá ákveðinn tíma til umráða til að skýra mál sitt. Mótstjórnin var innbyrðis fullkomlega ósammála um hvernig bæri að leysa þetta. Þrír þjóðernissinnaðir ofstækismenn krúnkuðu sig saman og völdu síðan til okkar niðurstöður sínar: ÞIÐ HAFIÐ TAFIÐ MÓTIÐ ÞEGAR SVO MIKIÐ, AÐ ÞIÐ HAFIÐ ENGAN RÉTT TIL AÐ TALA. Það var engu tali við þá komið og mótstjóri strunsaði út, tjónaði sér upp á stól og ætlaði að halda setningarræðuna. Hann mátti öskra sig hásan áður en fólk tók eftir honum vegna ákafra umræðna um ástandið. Í lok ræðunnar lýsti hann banni á pólitískan áróður. Um það bil sem hann lauk ræðu sinni gripum við til gjallhorns og sögðum afstöðu okkar til þessarar valdbeitingar, sem leidd var af þjóðernissinnuðu ofstækismönnunum.

Við héldum fund eftir þessi átök og ákváðum að hverfa af mótssvæðinu til að undirbúa flugblað til dreifingar daginn eftir. Í flugblaði þessu lýstum við afstöðu okkar til þess, sem gerzt hafði á mótsstaðnum daginn áður og drógum saman eftirfarandi niðurstöður:

17. júní í ár í Hjo varð eftirminnilegur fyrir alla þá Íslendinga, er þjóðhátíðarmótið sóttu. Fyrir borgarana og smáborgarana var það reiðarslag að sjá merki öreigastéttarinnar haldið á lofti. Þeir áttu ekki von á því, að öreigarnir yrðu sér meðvitaðir um raunverulegt innihald 17. júní, hvað þá að þeir gerðust svo djarfir að dreifa út þekkingu sinni til annarra meðlima verkalýðsstéttarinnar. Fyrir öreigana var þessi dagur eftirminnileg reynsla,

Íslenzkir marxistar-lenínistar í Svíþjóð.

Baráttan gegn heimsvaldastefnunni

Í æðisgenginni leit sinni að hámarksgróða svífast borgarastéttir heimsvaldalandanna einskis. Frelsisbarátta hinna kúguðu nýlenda og hálfnýlenda mætir engri miskunn. Alþýða þessara landa hefur í auknum mæli haldið út á braut hins vopnaða alþýðustríðs til að frelsa sig undan oki og kúgun, þrátt fyrir óhugnanlegar múgmorðsaðferðir heimsvaldasinnanna. Undir forystu kommúnistaflokkanna og með sigursæla brautryðjendareynslu kínversku og víetnömsku öreiganna í alþýðustríðunum hafa öreigar Tyrklands, Indónesíu og N.-Írlands lyft vopnunum og hafið baráttuna fyrir þjóðlegu sjálfstæði og hinni sósíalísku byltingu. Eina leiðin, sem er fær hinni byltingarsinnuðu alþýðu kúguðu landanna er sú leið, sem marxistar-lenínistar hafa markað og sannað í starfi með glæsilegum sigrum sínum yfir stríðsvélum heimsvaldastefnunnar.



Öreigar! Þið hafið engu að tapa nema hlekkjunum!

BYLTINGARBARÁTTAN Í TYRKLANDI.

12. marz 1971 framkvæmdu nokkrir tyrkneskir hershöfðingjar valdarán. Þeir þvinguðu spillingarríkisstjórn íhaldssama Réttarflokksins frá völdum og komu í þess stað á fót bráðabirgða leppstjórn, sem var valdatæki tyrknesku hershöfðingjanna. Mánuði seinna, 26. apríl, setti nýja stjórnin hernaðarlög í 11 af 67 héruðum í Tyrklandi og í kjölfar þeirra fylgdu ofsalegar ofsóknir á hendur öllum vinstrisinnuðum samtökum og þau bönnuð og kjarni þeirra fangelsaður. Þúsundum manna var varpað í fangelsi, stjórnarskráin var afnumin og eftir stóð opinn fasisminn – alræði borgaranna. Ástæðan til að þetta gerðist var sú, að stéttamóthverfurnar höfðu sífellt skerpzt, byltingarhreyfingunni hafði stöðugt aukizt styrkur og síðasti mótleikur borgaranna var fasíska valdatakan.
Nýlega sáu menn í blöðum á Vesturlöndum sagt frá aftöku þriggja af leiðandi foringjum Frelsishers tyrknesku alþýðunnar og það vakti athygli og skelfingu borgarablaðanna, að síðustu orð þeirra voru hvatning til alþýðu allra kúgaðra landa að skipuleggja sig til baráttu gegn kúgurum sínum undir leiðsögn hinnar byltingarsinnuðu fræðikenningar.
Einnig var örlítið sagt frá því, er 85 þúsund hermenn rannsökuðu Istanbul í febrúar s.l. og leituðu að 203 byltingarmönnum, sem eru meðlimir í Frelsisher tyrknesku alþýðunnar, en tókst aðeins að ná tveimur.
Þannig berast öðru hvoru örlitlar fréttir um hina hörðu stéttabaráttu, sem á sér stað í Tyrklandi.

Frelsisher alþýðunnar voru þau samtök, sem hófu vopnuðu baráttuna fyrir þjóðlegu lýðræðisbyltingunni og beindu sjónunum fram á við til sósíalísku byltingarinnar.
Leiðandi fyrir byltingarbaráttuna er Þjóðfrelsisflokkur alþýðunnar (T.P.L.P.). Þjóðfrelsisflokkur alþýðunnar lítur á þjóðfrelsisbaráttuna sem byrjunina á sósíalísku byltingunni. Höfuðverkefni hans í dag er að þróa starf skæruliða í borgunum og skipuleggja öreigana til að geta seinna fært baráttuna út í sveitirnar og stofnsett Alþýðuher. Flokkurinn stendur í fararbroddi fyrir Þjóðfrelsisfylkingu alþýðunnar í Tyrklandi, sem hefur það verkefni að fylkja öllum þorra alþýðunnar til vopnaðrar baráttu gegn heimsvaldastefnunni og innlendum leiguþýjum hennar.
Sem dæmi um styrkleikann má nefna, að hundruð þúsunda verkamanna tóku þátt í mótmælagöngum gegn verkfallslöggjöf, sem átti að koma á ´70 og var það einn af beinum forleikjum valdatöku fasistanna. Þessi fasíska valdataka var gerð með beinu samþykki NATÓ, því Tyrkland er meðlimur í því. Er tyrkneski herinn sá stærsti í NATÓríki utan USA, telur um hálfa milljón manna. Í Tyrklandi eru 101 bandarísk herstöð og 20 þúsundir bandarískra hermanna. Í Tyrklandi sem og í Grikklandi á sínum tíma á bandaríska auðvaldið mikilla hagsmuna að gæta. Nærvera hersins og veran í NATÓ er bæði til að verja hagsmuni erlendu heimsvaldasinnanna sem og innlendu borgaranna og smáborgaranna gegn alþýðu landsins sem og að verjast ytri óvinum heimsvaldastefnunnar, að halda valdajafnvæginu gagnvart Sovétríkjunum. – Höfuðmóthverfan í hálfnýlendunni Tyrklandi er á milli heimsvaldastefnunnar og alþýðunnar.

INDÓNESÍA: FASÍSKT ALRÆÐI.

Þegar Súkarnó forseta Indónesíu var steypt af stóli og hin fasíska Súhartó-klíka framkvæmdi valdarán sitt, hófst ógnaröld í landinu. Á nokkrum vikum voru hátt í 1 milljón kommúnista teknir af lífi og enn eru kveðnir upp fjöldadauðadómar og fangelsanir án dóms og laga eru daglegt brauð. Súhartó-klíkan gengur erinda heimsvaldastefnunnar, kompradorkapítalista og hálflénskra óðalsherra. Efnahagur landsins er fullkomlega í greipum erlends einokunarauðvalds, fyrst og fremst bandarísks og japansks heimsvaldaauðmagns. Fjármagnsinnflutningur og svokölluð "þróunaraðstoð" frá heimsvaldalöndunum hefur leitt til myndunar fámennrar milliliða- og skriffinnaklíku. Hagur hinna vinnandi stétta er óbærilegur og versnar samfara dýpkandi pólitísku og efnahagslegu kreppuástandi. Þannig eru um 22 milljónir atvinnulausar eða í ígripavinnu og tala flækinga hefur aukizt gífurlega.
Þrátt fyrir hinar grimmilegu ofsóknir og skefjalausu kúgun hefur alþýða Indónesíu lagt út á braut vopnaðrar byltingar gegn fasistastjórn Súhartós undir leiðsögn Kommúnistaflokks Indónesíu. Miðstjórn hans, sem lengi fylgdi sovésku endurskoðunarklíkunni, hefur gert sjálfsgagnrýni vegna hentistefnu, nútíma endurskoðunarstefnu og huglægni í starfsháttum. Samkvæmt sjálfsgagnrýni miðstjórnarinnar hefur KPI reist 3 gunnfána:
I. Uppbygging kommúnistaflokks (m-l) sem er laus við hentistefnu, nútíma endurskoðunarstefnu og huglægni.
II. Vopnuð barátta alþýðunnar, sérstaklega vopnuð barátta bænda í andlénskri bændabyltingu undir forystu verkalýðsins.
III. Byltingarfylking verkalýðs og smábænda undir forystu verkalýðsins.
Hin sigursælu byltingarstríð kínversku og víetnömsku öreiganna eru leiðarljós indónesísku alþýðunnar í baráttu hennar gegn heimsvaldastefnunni.
Þannig mun KPI leggja höfuðáherzlu á að safna saman hinum andheimsvaldasinnuðu öflum í landinu til baráttu gegn heimsvaldastefnunni á grundvelli marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs.

BARÁTTAN Á NORÐUR-ÍRLANDI.

Það hefur án efa ekki farið fram hjá neinum, að baráttan á N.-Írlandi hefur farið harðnandi undanfarna mánuði. Þess er skemmst að minnast, að brezka stjórnin tók þar öll völd í sínar hendur, enda var íhaldsstjórn Brian Faulkners löngu orðið um megn að halda uppi "lögum og rétti" öðru vísi en í skjóli brezkra byssustingja. Borgaralegum fjölmiðlum hefur orðið tíðrætt um ástandið í þessum landshluta, en eins og þeirra er von og vísa gefa þeir alranga mynd af raunverulegu eðli og inntaki þeirrar baráttu, sem þarna er verið að heyja. Sannleikurinn er sá, að það sem þeir kalla "trúarbragðastríð" er í raun réttri ekkert annað en blóðug stéttabarátta.

Verkalýðsstéttin undir leiðsögn hins sósíalíska Sinn Fein flokks heyr í dag pólitíska baráttu gegn innlendum kúgurum sínum og brezku heimsvaldasinnunum. Hita og þunga í framkvæmd þessarar baráttu ber hinn hernaðarlegi hluti flokksins, IRA "officials" (sem ekki má rugla saman við IRA "provisionals", en þeir eru andsósíalísk trúarofstækisklíka borgaralegra sinnaðra hryðjuverkamanna). Í Derry hefur IRA tekizt að frelsa tvö hverfi verkamanna – Bogside og Creggan – sem samanlagt hafa um 40.000 íbúa. Varnir þessara hverfa og skyndiáhlaup á brezk vígi er þungamiðjan í störfum IRA.
Innan víggirðinga umræddra hverfa, sem í daglegu tali eru nefnd "frjálsa Derry", hefur verkalýðsstéttin tekið öll völd í sínar hendur. Þar er hún skipulögð, skóluð og hert í pólitískum fjöldastörfum af Sinn Fein. En leiðtogar Sinn Fein hafa gert sér fulla grein fyrir, að sósíalisma er ekki hægt að byggja upp í einangruðum, víggirtum hverfum Derry. Sigur verður ekki unninn nema með baráttu verkalýðsstéttarinnar á öllu Írlandi. Þannig er baráttan gegn yfirráðum Breta á N.-Írlandi og sameining alls landsins ekki nein endanleg lausn í augum írskra sósíalista. Hún er aðeins fyrsti áfanginn á þeirri leið að byggja sósíalískt Írland, lýðveldi, sem byggir á samvinnu verkamanna og smábænda. Þetta er sá grundvöllur, sem írska lýðveldishreyfingin byggir baráttu sína á í dag. Hún sýnir, að þeir hafa skilið hlutverk sitt rétt: Sigri yfir brezku heimsvaldasinnunum, sem kúga N.-Írland, verður að fylgja eftir með sigri yfir innlendu kapítalistunum og erlendu heimsvaldasinnunum, sem mergsjúga verkalýðsstétt lýðveldisins Írlands. Aðeins þannig verður hægt að binda endi á aldalanga kúgun írsks verkalýðs.

Um hentistefnuna á Íslandi

Kommúnistaflokkur verður ekki byggður upp nema í baráttu við hentistefnuna. Því er okkur nauðsynlegt:

1) að þekkja einkenni hentistefnunnar,
2) að átta okkur á "sósíalískum" blekkingavaðli, sem er notaður til að réttlæta hana,
3) að gera okkur grein fyrir, úr hvaða jarðvegi hentistefnan sprettur og hver eru vaxtarskilyrði hennar, svo að hægt sé að móta baráttuna gegn henni.

Hér getur alþjóðleg byltingarreynsla öreiganna orðið okkur að miklu liði, því að hentistefna Sósíalistaflokksins og Alþýðubandalagsins er ekki séríslenzkt fyrirbrigði eins og stéttsvikararnir vilja vera láta, heldur að mestu alþjóðlegt.

Í fyrstu grein tökum við einkum fyrir "hugmyndafræðina" og reynum að sjá, hvað býr raunverulega á bak við.

"SÓSÍALÍSK SAMÞÆTTING HINNA ÝMSU VIÐHORFA".

Nýjasta blekkingaplaggið frá Alþýðubandalaginu.

Alþýðubandalagið hefur enn uppburði til að klæðast "sósíalísku" loddaraskikkjunni, þótt hún gerist æ götóttari. Nýjasta blekkingaplaggið í þessum tilgangi heitir "Drög að stefnuskrá fyrir Alþýðubandalagið" og er ungað út af nokkrum sérhæfðum "hugmyndafræðingum" flokksins. Það er út af fyrir sig táknrænt fyrir endurskoðunar- og krataflokk eins og Alþýðubandalagið (AB), að flokksforingjarnir koma hvergi nærri við samningu aðalstefnuskrárinnar. Orð og gerðir eru nú endanlega aðskilin.

Þrátt fyrir það, að fræðikenningu sósíalismans og byltingarreynslu allra landa sé hafnað lið fyrir lið í stefnuskránni – þegar að er gáð, þá er hún varasamt plagg. Alþýðubandalagið siglir hraðbyri í krafti þess, að fræðikenningin hefur ekki fest rætur með íslenzkri öreigastétt. Þess vegna hefur forystuklíkan getað afbakað hana eða hafnað að vild til að stefna æ hraðar á kratabrautinni.

Í stefnuskránni er afbökunin réttlætt með "fræðilegum" útlistunum – með því t.d. að "bæði hin fræðilega hlið sósíalismans og hin pólitíska horfa nú nokkuð öðru vísi við en í öndverðu" – eða að komið hafi verið "meira skipulagi á hina þjóðfélagslegu framleiðslu" í auðvaldsþjóðfélögunum – eða: "Innri greining verkalýðsstéttarinnar hefur farið vaxandi á síðustu áratugum" o.s.frv., o.s.frv.

Í krafti þessara "vísinda" gera snillingarnir nokkrar "lagfæringar" á marxismanum-lenínismanum, m.a. þessar í innganginum einum saman:

1) Afneita byltingunni. ("Háþróað auðvaldsskipulag af því tagi, sem hér hefur verið drepið á, verður tæpast að óbreyttum aðstæðum lagt að velli með skyndiátaki. Baráttan gegn því hlýtur að miðast við ákveðna áfanga...")
2) Afneita forystu verkalýðsstéttarinnar. ("Við þessar aðstæður verður sósíalískur flokkur að vinna að sköpun breiðrar samfylkingar, sem ekki sé reist á undirgefni allra annarra undir sjónarmið eins þátttakandans (þ.e. verkalýðsstéttarinnar, ath.s. mín), heldur sósíalískri samþættingu hinna ýmsu viðhorfa.")
3) Afneita flokknum. ("Sósíalískur flokkur hefur því harla mikilvægu hlutverki að gegna, þó að ekki sé hægt að tala um "forystuhlutverk" hans í þeim þrönga forréttindaskilningi, sem lengi hefur verið lagður í orðið.")
4) Afneita stéttareðli ríkisvaldsins og alræði öreiganna. (Tala um "jafnrétti þegnanna" og lýðræði allra, jafnskjótt og verkalýðsstéttin hefur sigrað borgarastéttina. "...ríkisvaldinu verði beitt í þjónustu samfélagsins" o.s.frv.)

Ekki skortir þessa hippahreyfingu sjálfsálitið, þó að vatnsbragð sé af meðulum hennar. Það sem hún telur sig umkomin er ekki minna en "...miklu meiri útbreiðsla sósíalískrar vitundar en þekkzt hefur hingað til í byltingum 20. aldar."

Ekkert er nýtt í þessum fimleikum. "Nýjungarnar" eru keimlíkar þeim, sem endurskoðunarsinnar allra tíma hafa notað, hvort sem þeir heita Kautsky, Krústjov, Einar O. eða Hjalti K.

Íslenzk öreigastétt og byltingarbræður hennar geta ekki svarað með öðru og betra móti en að vopnast fræðikenningunni, marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs.

frh. á bls. 11